



FRÉTTABLAÐIÐ



Aftakaveður gekk á sunnudag yfir Norðurland og Austurland og olli mikilli hættu og tjóni. Veðrið gekk niður í nótt. Hér er verið að dæla vatni úr Vitanum á Akureyri. SJÁ SIÐU 4

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Lilja harmar skipan þjóðminjavarðar

Safnaþingsgesti fyrir austan setti hljóða þegar menningarmálaráðherra tók u-beygju og sagðist harma eigin skipan í stöðu þjóðminjavarðar. Fundað var um úrbætur.

bth@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Lilja Alfreðsdóttir menningarmálaráðherra sagði á Safnaþingi á Austfjörðum í síðustu viku að hún harmaði að hafa skipað Hörpu Þórsdóttur sem þjóðminjavörð án auglýsingar. Lilja vísaði í skipan sinni til undanþáguákvæðis í starfsmannalögum sem heimilar tilfærslu embættismanna.

Ráðherra sagði á Safnaþinginu eftir að gagnrýni kom fram á störf hennar að hún hefði ekki staðið að skipaninni ef hún hefði vitað hvaða viðbrögð yrðu í samfélaginu. Um

hundrað manns urðu vitni að yfirlýsingunni og setti marga hljóða að sögn viðstaddra.

„Lilju var mjög mikið niðri fyrir. Hún harmaði að hafa fært til embættismann í starfi með þessum hætti,“ segir Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, formaður Íslandsdeildar ICOM, alþjóðaráðs safna.

„Við upplifðum að hún sæi sannarlega eftir þessu,“ bætir Ólöf Gerður við.

Fyrir þingið hafði Lilja varið skipan sína með því að Harpa hefði verið yfirburðahæf til að gegna stöðunni. Þá hafði safnafólk notað orðið hneyksli um skipanina.

Í gær boðaði Lilja til fundar með formönnum þeirra félaga sem hafa sent frá sér harðorðar yfirlýsingar.

„Þetta var góður fundur, ráðherra tjáði vilja til sátta. Hún getur ekki afturkallað skipanina sem



Lilju var mjög mikið niðri fyrir.



Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, formaður Íslandsdeildar ICOM

hefði verið best strax í upphafi, en Lilja lýsti vilja til að vinna áfram að málefnum allra höfuðsafnanna þriggja,“ segir Ólöf Gerður.

Þar á hún við Listasafn Íslands, Náttúrminjasafnið og Þjóðminjasafnið.

„Það var ákveðið að stofna samráðshóp til að ræða fyrirkomulag, svo sem skipunartíma og auglýsingar við þessar þrjár stöður höfuðsafnanna.“

Einnig var á fundinum rætt hvort hægt væri að setja takmörk á ráðningartíma í æstu stöðum Þjóðminjasafnsins og Náttúrgripasafnsins. Fimm ára ráðningartími er í Listasafninu.

Í hinum höfuðsöfnunum tveimur eru að sögn Ólafar Gerðar engin takmörk á hve oft megi endurráða sama einstakling í æstu stöðu forstöðumanns. ■

Íslensk ungmenni eru mörg einmana

gar@frettabladid.is

FÉLAGSMÁL „Það er okkar upplifun að einmanaleiki hafi aukist síðustu ár og að Covid-tímabilið hafi bara ýtt undir bæði einmanaleika og vanlíðan,“ segir Berglind Rún Torfadóttir, verkefnastjóri hjá Hinu húsinu, sem býður námskeið til að efla félagslega virkni ungmenna á framhaldsskólaaldri.

Aðeins um 58 prósent stráka og 35 prósent stúlkna á framhaldsskólaaldri segja andlega heilsu sína góða eða mjög góða.

„Það að ungmenni einangrist félagslega getur haft miklar samfélagslegar afleiðingar í för með sér. Svo það er nauðsynlegt að bregðast við þessari aukningu,“ segir Berglind. SJÁ SIÐU 2

Škoda Kamiq

Sjálfskiptur, bakkmyndavél, akreinavari & árekstrarvörn.
Verð → 4.190.000 kr.

H HEKLA Laugavegi 174, 105 Rvk. → www.hekla.is/skodasalur

Búnaður bifreiða til sölu
getur verið ólíkur þeirri sem
sýnd er á mynd.



ŠKODA

Bólusetning hafin Samstaða með kúguðum í Íran

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Frá og með deginum í dag er 60 ára og eldri boðinn fjórði skammtur af bóluefni gegn Covid-19 í Laugardalshöll.

Bólusetning er alla virka daga á milli klukkan 11 og 15 til 7. október.

Samhliða örvunarskammtinum verður einnig boðið upp á bólusetningu gegn influensu fyrir sama hóp. Þau sem þiggja influensubólusetninguna í Laugardalshöll þurfa ekki að greiða fyrir hana.

Notuð verður ný útgáfa bóluefnis sem veitir vörn gegn Omíkrón-afbrigði Covid.



Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá HH

„Þetta sérstaka bóluefni er ekki notað í grunnbólusetningar, einungis sem örvunarskammtur,“ segir Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá Heilsgæslunni á höfuðborgarsvæðinu.

Ragnheiður segist búast við miklum fjölda í Höllina næstu tvær vikurnar, á höfuðborgarsvæðinu séu um 30 þúsund manns sextíu ára og eldri sem ekki hafi fengið örvunarskammt. „Svo eru enn fleiri sem eiga eftir að fá influensubólusetningu,“ segir hún. ■



Á þriðja tug manna mættu á mótmæli á Austurvelli í gærkvöldi. Markmiðið var að vekja athygli á mannréttindabrotum í Íran í kjölfar morðsins á 22 ára kúrdiskri konu, Jínu Mõshu Amini, sem var barin til dauða á meðan hún var í haldi írönsku lögreglunnar í Teheran. Nánar á frettabladid.is. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Viðurkenna mistök við herkvaðningu

gar@frettabladid.is

RÚSSLAND Stjórnvöld í Kremli viðurkenna að mistök hafi verið gerð í herkvaðningu sem nú stendur yfir í landinu vegna hernaðar þeirra í Úkraínu.

Segir breska ríkisútvarpið mistökin meðal annars felast í að menn sem enga herþjálfun hafi, séu fatlaðir eða of gamlir til að gegna herþjónustu hafi verið skráðir í herinn.

Sagði talsmaður Vladímírs Pútíns forseta að öll mistök yrðu leiðrétt.



Fatlaðir og menn sem eru of gamlir eru sagðir hafa verið skráðir til herþjónustustu.



Dmitry Peskov, talsmaður Rússlandsforseta. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Vaxandi andstaða er í Rússlandi vegna þróunar mála í tengslum við innrásina í Úkraínu. Sagt er að þúsundir hafa verið handteknar eftir mótmæli.

Hefur BBC eftir rússneskum miðlum að þótt upphaflega hafi verið sagt að kalla ætti þrjú hundruð þúsund manns til vopna stefni stjórnvöld í raun að því að bæta einni milljón manna í herafliann. ■

Námskeið fyrir ungmenni sem upplifa sig einmana

Rannsóknir sýna aukinn einmanaleika og vanlíðan hjá ungmennum. Hitt húsið bregst við og býður upp á námskeið fyrir félagslega einangrað fólk á framhaldsskólaaldri með það að markmiði að auka sjálfstraust þess og virkni.

birnadrofn@frettabladid.is

FÉLAGSMÁL „Það er okkar upplifun að einmanaleiki hafi aukist síðustu ár og að Covid-tímabilið hafi bara ýtt undir bæði einmanaleika og vanlíðan,“ segir Berglind Rún Torfadóttir, verkefnastjóri hjá Hinu húsinu.

„Þess vegna ákváðum við að bjóða upp á þetta námskeið fritt fyrir ungmenni á framhaldsskólaaldri,“ bætir hún við.

Hitt húsið fékk á dögunum styrk frá Forvarnarsjóði Reykjavíkurborgar til að halda námskeið fyrir ungmenni á framhaldsskólaaldri til þess að efla félagslega virkni.

Rannsókn sem framkvæmd var af Rannsóknum og greiningu um áhrif heimsfaraldursins á framhaldsskólanema sýnir fram á aukinn einmanaleika hjá aldurshópnum 16-19 ára sem og versnandi andlega og líkamlega heilsu hjá sama hópi.

Aðeins um 58 prósent stráka og 35 prósent stúlkna á framhaldsskólaaldri segja andlega heilsu sína góða eða mjög góða.

Berglind fer fyrir verkefninu ásamt Breka Bjarnasyni og Guðríði Torfadóttur, Gurrý, eiganda Yama heilsuræktar. Berglind segir mikilvægt fyrir ungmenni sem upplifa sig einmana að fá tækifæri til þess að koma saman til að mynda ný félagsleg tengsl.

„Á þessum aldri er mikill og hraður þroski að eiga sér stað og það að ungmenni einangrist félagslega



Breki Bjarnson og Berglind Rún Torfadóttir fara fyrir verkefninu ásamt Guðríði Torfadóttur, hana vantar á myndina. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

þau fyrir því hvernig hreyfing getur bætt líkamlega og andlega líðan,“ útskýrir Berglind.

Skráning á námskeiðið er opin á heimasíðu Hins hússins og er námskeiði þátttakendum að kostnaðarlausu. „Öll þau sem eru á aldrinum 16-19 ára geta skráð sig,“ segir Berglind.

Námskeiðið stendur yfir í fjórar vikur og hittast þátttakendur þrisvar í viku, tvisvar í ræktinni og einu sinni í Hinu húsinu þar sem boðið verður upp á fjölbreytta fræðslu í formi fyrirlestra.

„Við fáum til okkar fjölbreyttan hóp fólks sem kynnir þátttakendur fyrir ýmsu sem getur hjálpað til við að auka félagsfærni þeirra og sjálfsstraust á sama tíma og þau eyða tíma saman og hitta annað ungt fólk,“ segir Berglind.

„Svo verður Gurrý með léttar æfingar sem henta hverjum sem er svo enginn þarf að vera í einhverju svakalegu formi til að taka þátt. Hreyfingin gerir okkur öllum gott bæði andlega og líkamlega.“ ■

Oktoberfest

Gæða Lederhosen, kjólar og fylgihlutir beint frá Þýskalandi!

HOKUS POKUS

www.hokuspokus.is
Verzlun og vefverzlun
Laugavegi 69 S. 551-7955



Á þessum aldri er mikill og hraður þroski að eiga sér stað og það að ungmenni einangrist félagslega getur haft miklar samfélagslegar afleiðingar í för með sér.

Berglind Rún Torfadóttir, verkefnastjóri hjá Hinu húsinu

getur haft miklar samfélagslegar afleiðingar í för með sér. Svo það er nauðsynlegt að bregðast við þessari aukningu,“ segir hún.

„Á námskeiðinu komast ungmennin í virkni og markmiðið er að styrkja félagsfærni þeirra og kynna



Myllu Lágkolvetnabrauð
LÍFSKORN
 Lífskorn færir þér máltíð af akrinum

D-vítamín færðu til dæmis úr eggjarauðu, laxi, silungi, lýsi og nýju D-vítamínriku Lífskorni

D+
 D-vítamín ríkt



Nújung!

Nýtt á lista
 D-vítamínríkra fæðutegunda

Smakkaðu nýtt heilsugott Lífskorn

Núna bætist nýtt heilkorna Lífskorn á lista joðgjafa og D-vítamínríkra fæðutegunda. Lífskorn með graskersfræjum eru uppspretta næringarefna og steinefna og góðs bragðs með keim af hnetu og sætu. Lífskorn er góð hugmynd að vellíðan og hluti af heilsurækt þinni. Lífskorn er vegan. Kaupu Lífskorn í dag!

Ræktaðu huga og líkama
 - fáðu þér heilkorna Lífskorn

Lífskorn er gott dæmi um nýsköpun í íslenskrí matargerð: Mikilvægt er að lítið samfélag okkar Íslendinga geti treyst á sjálfstæða innlenda framleiðslu. Myllan er ferskvöruframleiðandi sem skilur að samfélagið þrífst best á fjölbreyttri matarmenningu.



Stöðug vöruþróun Myllunnar skilar okkur íslensku úrvali af ferskvörum í besta gæðaflokki. Skoðaðu hvaðan maturinn kemur - leitaðu eftir Myllu-merkinu! Myllan, þaðan sem nýtt kemur. Skoðaðu vöruúrvalið á: myllan.is



Lífskorna fjölskyldan er óðum að stækka, finndu þitt uppáhalds Lífskorn. Skoðaðu: myllan.is



Alltaf nýbakað síðan 1959

> nánar á myllan.is

Grunur um hryðjuverk kviknaði eftir gæsluvarðhaldið

bth@frettabladid.is

LÖGREGLA Ómar Örn Bjarnþórsson, lögmaður manns sem er í gæsluvarðhaldi vegna gruns um skipulagningu hryðjuverka, segir að grunsemdir lögreglu um hryðjuverk virðist ekki hafa orðið að veruleika fyrr en eftir að maðurinn hafði setið í viku gæsluvarðhaldi og var sleppt.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins mun maðurinn hafa haft

samband við vin sinn að loknu gæsluvarðhaldinu. Líklegt er að lögreglan hafi fylgst með þeim samskiptum.

„Ég get staðfest að grunsemdir um hryðjuverk komu ekki upp strax eftir að hann var handtekinn,“ segir Ómar Örn.

Lögmaðurinn segir skjólstæðing sinn í einangrun. Rannsókn sé á frumstigi en hann neiti að hafa verið með hryðjuverk í pipunum.



Ómar Örn Bjarnþórsson, lögmaður

„Það verður skýrslutaka á næstu dögum og þá ættu hlutir að skýrast betur. Lögreglan er að rannsaka gögnin ég hef ekki fengið nein gögn enn, það er bara búið að yfirheyrja hann einu sinni og sú yfirheyrsla var ekki löng,“ segir Ómar Örn.

Skjólstæðingur lögmansins var handtekinn á þriðjudegi fyrir tveimur vikum. Honum var haldið föngnum í varðhaldi í viku, sleppt lausum og handtekinn degi síðar.

„Ég hef mínar efasemdir um að hinir tveir sem voru handteknir en var sleppt aftur hafi nokkrar tengingar við málið,“ segir Ómar Örn.

Að hans sögn eru mennirnir tveir sem sitja í gæsluvarðhaldinu vinir. Þeir eru báðir á þritugsaldri. Lögregla hefur sagt að mikið magn af byssukúlum hafi fundist við húsleit auk þess sem prenta hafi átt vopn með þrívíddarprentara. Handtökur fóru fram á tveimur stöðum. ■



Magnus Carlsen. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Brigslar Niemann um að svindla

benediktarnar@frettabladid.is

SKÁK „Ég trúir að Niemann hafi svindlað meira en hann hefur viðurkennt fyrir almenningi,“ segir norskri heimsmeistarinn í skák í nýrri yfirlýsingu.

Carlsen tjáir sig þar í fyrsta sinn afdráttarlaust um meint svindl Hans Niemann gegn honum fyrir þremur vikum. Viku síðar gaf Carlsen skák gegn Niemann strax og taflíð var hafið. Hann segir svindl ógn við skáklitina og hvetur móts-haldara til þess að fylgjast betur með keppendum. ■

Bragðbætt tóbak verði ekki leyft

ninarichter@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Í drögum að frumvarpi heilbrigðisráðherra til nýrra laga um tóbaksvarnir er ætlunin að innleiða tilskipun ESB um samræmingu ákvæða í stjórnsýslu aðildarríkjanna varðandi tóbaksvörur.

Ein af breytingunum er bann við að setja á markað tóbaksvörur með einkennandi bragði. Gæti þetta haft áhrif á afkomu sérvöruverslana með rafrettuvarning sem gera að mestu leyti út á verslun með bragðbættar tóbaksvörur. ■

Veðurhamurinn meiri en spár sýndu

Hiti féll um allt að 18 gráður á nokkrum klukkutímum á Austurlandi, ferðamenn fengu yfir sig grjóthrúgur á Mývatnsöræfum og starfsmenn Alcoa Fjarðaáls urðu innlyksa í verksmiðjunni enda var fólki ráðlagt að halda sig innandyra.

benediktboas@frettabladid.is
ingunnlara@frettabladid.is
sbt@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Ég hef ekki upplifað annað eins,“ segir Sigurjón Friðriksson, starfsmaður Alcoa Fjarðaáls, en hann var á ansi langri vakt í álverinu frá sunnudegi og fram á mánudag en það var ekki hægt að ferja nýja starfsmenn til vinnu í álverinu í óveðrinu sem gekk yfir landið á sunnudegi.

Ljóst er að mikið tjón er eftir veðurofsann á Sudausturlandi, Austurlandi, í Örfæfum og á Norðurlandi eystra.

Nokkrar hjálparbeiðnir bárust til björgunarsveita með gærmorgninum vegna foks á Reyðarfirði, í Neskaupstað og á Seyðisfirði. Tré höfðu rifnað upp með rötum, þakplötur fokið, gluggar brotnað og heilu húsín fallið saman.

Aðskotahlutir fuku á svokallaða FL4-línu sem liggur inn í álverið á Reyðarfirði og varð verksmiðjan rafmagnslaus í hartnær þrjá klukkutíma. Sigurjón segir að rafmagn hafi farið af álverinu árið 2010 í fjóra klukkutíma og þá hafi verið mikið stress enda ekkert grín fyrir álver að verða rafmagnslaus.

„Við vorum úti í skála og tjóðrudum hurðir fastar og svo var bara beðið eftir að straumur kæmi aftur. Svo þegar hann kom þá hófst svakaleg keyrsla,“ segir Sigurjón.

„Starfsfólk stóð sig frábærlega við þessar aðstæður,“ segir Dagmar Ýr Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi



Bilalestin frá Mývatnsöræfum og niður í Mývatns-sveit taldi um tíu bíla og varla var stætt á veginum. Mikil hálka myndaðist og skyggni var afar lítið.

MYND/GÍSLI RAFN



Bilrúður brotnuðu í bílum ferðamanna þegar grjót og hnullungar fuku á þá.

MYND/FRÍDRIK ÁRNASON

Alcoa. Hún segir álverið ekki geta verið rafmagnslaus lengi, því þá skapist veruleg hættu. „Ef það er rafmagnslaus of lengi gæti farið að frjósa í kerjunum og þá þyrftum við að byrja upp á nýtt,“ segir hún.

Í Möðrudal sátu um 70 manns fastir vegna óveðursins.

„Þetta var fólk sem við þyrftum að hjálpa. Það var náttúrulega bara vonlaust veður og þetta er fólk sem lenti í því að eiginlega allar rúður hjá þeim brotnuðu í veðrinu,“ segir



Það var ekki mikið skyggni á Mývatnsöræfum.

MYND/GÍSLI RAFN

Vilhjálmur Vernharðsson, staðarhaldari í Fjalladýrð í Möðrudal.

Trausti Jónsson veðurfræðingur bendir á að það sé frekar óvanalegt að hiti falli jafn mikið á svo skömmum tíma og gerðist á sunnudegi. Hitinn á Dalatanga mældist 24,1 gráða á föstudag.

„Hitinn féll um 15 til 18 gráður á nokkrum klukkutímum sem er heldur óvenjulegt,“ segir hann.

Gísli Rafn Jónsson, eigandi Mývatn Tours, aðstoðaði ferðamenn í vanda frá Námaskarði og austur að Biskupshálsi. „Þetta var algjört skítaveður. Það flaug grjót um allt, ekki reyndar á okkur því það var kominn snjór þegar við komum að Biskupshálsi. Við sóttum einhverja tíu bíla en það var þannig að það sást ekki neitt á köflum. Það var ekki stætt á veginum og alveg voðaleg hálka á honum.“

Ákveðið var að loka veginum beggja vegna upp Námaskarði en veðrið þar var slíkt að vörubílstjórar Vegagerðarinnar voru stressaðir yfir að fjúka hreinlega út af við að sanda veginn. Fjöldahjálparmiðstöð var opnuð í Mývatnssveit í grunnskólum fyrir ferðamenn og segir Gísli að um 25 manns hafi nýtt sér miðstöðina. Talið er að tjónið um allt land hlaupi á tugum milljóna en fulltrúar Náttúruhamfaratryggingar Íslands munu kanna aðstæður þegar veður leyfir. ■

ISBAND

SMURÞJÓNUSTA

VIÐURKENNT ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA
FÓLKSBÍLA - HÚSBÍLA - VINNUBÍLA
STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN
SMIÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK • SÍMI 590 2323
THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS
OPIÐ VIRKA DAGA 07:45 - 17:00

UMBOÐSAÐILI

Jeep




FIAT



CHRYSLER

DODGE



Stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi

eflir samkeppnishæfni í **grænni iðnbyltingu**

Samtök iðnaðarins kynna nýja skýrslu í streymi fimmtudaginn 29. september kl. 9. Í skýrslunni eru lagðar fram 26 umbótatillögur sem öllum er ætlað að efla samkeppnishæfni í grænni iðnbyltingu og stuðla að framförum. Með stöðugu, hagkvæmu og skilvirku starfsumhverfi fyrirtækja eykst geta hagkerfisins til þess að skapa verðmæti sem styðja við og bæta lífskjör í landinu í grænni framtíð.



Ávarp
Árni Sigurjónsson, formaður SI



Græn iðnbylting er hafin
Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI



Stöðugt og hagkvæmt starfsumhverfi
Ingólfur Bender, aðalhogfræðingur SI



Hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi
Björg Ásta Þórðardóttir, sviðsstjóri mannvirkjasviðs SI



Streymið er hægt að nálgast á **si.is**





Helgi Seljan og Þóra Arnórsdóttir á Fréttavaktinni.

MYND/HRINGBRAUT

Lögmaður Samherja áskilur sér rétt vegna orða blaðamanna á Hringbraut

bth@frettabladid.is

FJÖLMIÐLAR Lögmaður Örnur McClure, lögmanns Samherja, hefur ritað Hringbraut bréf þar sem áskilinn er réttur til að bregðast við eftir viðtal á Fréttavaktinni síðastliðinn föstudag við Helga Seljan og Þóru Arnórsdóttur. Tilraunir til að þagga niður í blaðamönnum voru til umræðu í þættinum.

Halldór Brynjar Halldórsson hæstaréttarlögmaður gerir meðal annars í bréfinu þá athugasemd að hlutlægni hafi ekki verið gætt. Ekki hafi verið haft samband við Örnur áður en þátturinn var sýndur þrátt fyrir að vegið hafi verið að henni í þættinum. Engin tilraun hafi verið gerð til að leiðrétta rangfærslur sem fram hafi komið hjá viðmælendum.

„Er óhjákvæmilegt að gera við það alvarlega athugasemd að meðal

annars sakborningi í virkri lögreglurannsókn sé þannig veittur óheftur aðgangur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í fjölmíðli og vega að brotaþola [Örnur, innskot blaðamanns] óhindrað, án þess að sjónarmiða brotaþola sé leitað eða honum veitt tækifæri til að bera hönd fyrir höfuð sér. Er allur réttur áskilinn vegna þessa,“ segir í bréfinu.

Fréttablaðið-Hringbraut bauð Örnur með bréfi í gegnum lögmann hennar að koma í viðtal í gær til að koma sjónarmiðum á framfæri. „Skjólstæðingur minn hefur hingað til talið rétt að halda sig til hlés þar sem virk lögreglurannsókn er í gangi. Mun hún meðan svo er ekki tjá sig opinberlega til að forðast nokkuð sem áhrif geti mögulega haft á rannsóknina,“ segir meðal annars í svari Halldórs Brynjars. ■

Segjast hafa sagt skilið við fasíska arfleifð flokkanna

Tveir stjórnmálaflokkar sem eiga rætur að rekja til fasistahreyfinga unnu sigra í evrópskum þingkosningum í mánuðinum. Báðir segjast þeir hafa sagt skilið við fasíska arfleifð sína.

thorgrimur@frettabladid.is

STJÓRNMÁL September hefur verið viðburðaríkur mánuður í evrópskum stjórnmálum. Í kosningum í tveimur aðildarríkjum Evrópusambandsins, Svíþjóð og Ítalíu, hafa flokkar yst til hægri á pólitíska litrófinu unnið stórsigra og eru líklegir til að hafa veruleg áhrif á stjórnarstefnu ríkjanna á næstu árum.

Ólíkt flestum ámóta þjóðernisflokkum sem hafa náð árangri á síðustu árum eiga flokkarnir tveir, Svíþjóðardemókratar og Bræður Ítalíu, það sameiginlegt að eiga rætur að rekja til yfirlýstra fasistahreyfinga.

Svíþjóðardemókratar voru stofnaðir á níunda áratugnum upp úr hreyfingum nýnasista en Bræður Ítalíu eru óbeint framhald af ítölsku samfélagshreyfingunni, nýfasistaflokkum sem var stofnaður eftir seinna stríð af fyrrverandi meðlimum Fasistaflokks Mussolini. Þrátt fyrir þennan uppruna hafna báðir flokkarnir því í dag að nútímastefna þeirra sé fasísk.


Stjórnmálafræðingunum Evu H. Önnudóttur og Eiríki Bergmann kemur saman um að hvorki Svíþjóðardemókratar né Bræður Ítalíu geti enn talist fasistaflokkar þrátt fyrir upprunann.

„Fasismi hafnaði öllu sem heitir lýðræði,“ segir Eva. „Flokkar eins og Svíþjóðardemókratar eða Bræður Ítalíu hafna ekki lýðræði per se, en það eru ákveðin atriði í stefnu þeirra hvað varðar innflytjendur og aðra jadarsetta hópa sem ganga gegn frjálshynda lýðræði eins og við þekkjum það í dag.“

„Þótt þeir séu kannski í andstöðu við hinn frjálshynda hluta frjálshynds lýðræðis, þá aðhyllast þeir lýðræði í merkingunni kosningar og meirihlutaræði,“ segir Eiríkur.

„Þetta er það sem Viktor Orbán, forsætisráðherra Ungverjalands, lýsti sem ófrjálshynda lýðræði. Það má segja það um Bræður Ítalíu að þeir hallist að slíkum hugmyndum um lýðræði, svona valdbodslýðræði eins og á sér stað í Ungverjalandi,“ bætir Eiríkur við.

Eva segir það tiltölulega auðvelt fyrir hreyfingar á borð við Svíþjóðardemókrata og Bræður Ítalíu að sverja af sér fasískan uppruna sinn. „Þeir bara benda á sína stefnu-skrá og að þeir séu hluti af hinum lýðræðislega leik. Á hinn bóginn getur verið ýmislegt í stefnu þessara flokka sem getur verið skaðlegt lýðræði.“



Giorgia Meloni, forseti Bræðra Ítalíu, fagnar sigri sínum í þingkosningum Ítalíu á sunnudaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Jimmie Åkesson, leiðtogi Svíþjóðardemókrata, skálar á kosningavöku 11. september.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Eva H. Önnudóttir, stjórnmálafræðingur



Eiríkur Bergmann, stjórnmálafræðingur

segist óhræddur við að stimpla Vladímír Pútín sem fasista.

„Vegna þess að hann iðkar ekki lýðræði heldur sýndarlýðræði. Og þrátt fyrir allt sem gengið hefur á í Evrópu og sér í lagi í Ungverjalandi þar sem lengst hefur verið gengið þá hafa menn ekki hingað til stigið það fullnaðarskref inn í fasismann að afnema virkt lýðræði þótt farið sé að þrengja að því,“ segir Eiríkur.

„Mér hefur ekki þótt rétt að nota fasistahugtakið yfir þessa þróun sem hefur átt sér stað undanfarið, kannski vegna þess að við þurfum að eiga það inni þegar fasismi kemst á eins og hefur gerst í Rússlandi,“ segir Eiríkur. ■

Umboðsmaður barna ýtir á eftir svörum frá borgarstjóra

erlamaria@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Salvör Nordal, umboðsmaður barna, hefur sent Degi B. Eggertssyni, borgarstjóra Reykjavíkurborgar, bréf þar sem ítrekuð er ósk um skýringar vegna gjaldskrár Strætó bs.

Samkvæmt gjaldskránni, sem tók gildi síðla árs í fyrra, hækkaði árskort í strætó fyrir ungmenni um 60 prósent, eða úr 25 þúsund krónum í 40 þúsund. Á sama tíma lækkuðu mánaðarkort fyrir fullorðna.

Fyrra þréfið sendi umboðsmaður barna þann 24. janúar síðastliðinn.



Salvör Nordal, umboðsmaður barna

Engin svör hafa borist frá borgarstjóra, tæpum átta mánuðum síðar. Umboðsmaður barna óskar eftir svörum við því hvort mat hafi verið lagt á áhrif þessarar ákvörðunar á þau börn sem ljóst er að hækkinin snerti hvað mest, það er börn sem

búa við fátækt og erfiðar félagslegar aðstæður.

Þá er óskað eftir skýringum á því hvernig Reykjavíkurborg rökstyður umrædda hækkun á nauðsynlegri þjónustu fyrir börn.

Þá er minnst á samstarfsáttmála Samfylkingarinnar, Vídreisnar, Pírata og Framsóknar í Reykjavík, sem segir meðal annars að samgöngur eigi að vera ókeypis fyrir börn á grunnskólaaldri.

Umboðsmaður barna óskar eftir upplýsingum um hvenær til standi að ráðast í þessar breytingar og með hvaða hætti. ■



VÍSINDAKAFFI RANNÍS BÓKASAMLAGINU SKIPHOLTÍ 19 Í KVÖLD KL. 20:00-21:30

Rannís býður upp á Vísindakaffi þar sem vísindafólk kynnir viðfangsefni sín á óformlegan hátt í þægilegri kaffihústastemningu. Markmiðið er að færa vísindin nær fólki og segja frá rannsóknum sem skipta máli fyrir daglegt líf.

Málefni kvöldsins:

Hvað viltu vita um frumurnar þínar?

Þórarinn Guðjónsson prófessor og forseti læknadeildar Háskóla Íslands fjallar um stofnfrumur og krabbamein.

Stofnfrumurannsóknir verða æ mikilvægari í leitinni að lausnum við margvíslegum sjúkdómum. Stofnfrumur eru ósérhæfðar en hafa hæfni til að þroskast yfir í frumur með sérstaka virkni. Þær geta því fræðilega orðið að hvaða frumum sem er og endurnýjað sig án þess að sýna merki öldrunar. Slíkar frumur eru því ákaflega mikilvægur efniviður í rannsóknum en ekki síður í meðferð við hinum ýmsu sjúkdómum.

VERIÐ VELKOMIN!

Kaffistjóri: Sævar Helgi Bragason



Laugarnar í Reykjavík



ÍDRÓTTAVIKA EVRÓPU
23. - 30. SEPTEMBER

hreyfum okkur

oftar og meira

í laugunum!

#BEACTIVE
ÍDRÓTTAVIKA EVRÓPU



Óttastjórnun Samherja



Elin Hirst
elinhirst
@frettabladid.is

Stórútgerðarfyrirtækið Samherji fer fram með þeim hætti að það vekur margar óþægilegar spurningar. Fyrirtækið hefur sem kunnugt er sett á fót sérstaka skæruliðadeild til þess að reyna að koma óroði á þá sem hafa upplýst um tengsl þess við eitt stærsta spillingarmál sem upp hefur komið í Namibíu og þó víðar væri leitað.

En hér á landi beinist athyglin ekki að meintum stórafrotum þar sem fyrirtækið er grunað um að hafa nýtt sér ágóða af þjóðarauðlind Íslendinga til að skara eld að eigin köku, á kostnað almennings í Namibíu.

Á Íslandi snýst umræðan um eitthvað allt annað.

Nokkrir íslenskir blaðamenn sæta því nú að hafa stöðu grunaðra í undarlegu máli sem snýst um byrlun og farsímastuld og er eins konar smjörklípu-afsprengr þessa ljóta spillingarmáls í Namibíu sem öll íslenska þjóðin hlýtur að vera meðvitund um að er til rannsóknar bæði í Namibíu og hjá héraðssaksóknara.

Opinberlega hefur verið upplýst að Samherji heldur úti skipulögðum ofsóknum gagnvart uppljóstrurum og fjölmiðlamönnum sem hafa dirfst að benda á þau stórfelldu afbrot sem fyrirtækið er grunað um.


Sjálfur fjármálaráðherra landsins gengur fram fyrir skjöldu og tekur þátt í umræðu um málið þar sem hann ver mjög þá ákvörðun að blaðamennirnir sem staðið hafa í stafni við að upplýsa um Samherjamálið skuli hafa fengið réttarstöðu grunaðra í málinu.

Háttsett sendinefnd sem hingað kom frá Namibíu í sumar fékk að sögn óþóðlegar mótökur í dómsmálaráðuneytinu. Var það dagsformið, skortur á fagmennsku eða var bara verið að senda þau óbeinu skilaboð úr hinu virðulega ráðuneyti að þar væri staðinn vörður um Samherja? Sendinefndin ætti að láta duga að skoða Gullfoss og Geysi. Sjálfur lögreglustjórnin á Norðurlandi eystra liggur undir ámæli fyrir að vera ekki faglegur í því sem hann er að gera í þessu máli, heldur gangi hann erinda Samherja. Er Samherji virkilega orðinn svo stórt og valdamikið fyrirtæki að um það gildi önnur lögmál en annað athafnalíf í landinu?

Í þeim byggðarlögum þar sem Samherji hefur tögl og hagildir segja kunnugir að fyrirtækið haldi umræðu og skoðanaskiptum í heljargreipum. Enginn þori að gagnrýna fyrirtækið því það gæti þýtt stöðu- og tekjumissi fyrir viðkomandi eða einhverjum úr frændgarðinum. Fólk er ótta-slegið og kys að þegja. ■

Er Samherji virkilega orðinn svo stórt og valdamikið fyrirtæki að um það gildi önnur lögmál en annað athafnalíf í landinu?

Halldór



Frá degi til dags

odduaevar@frettabladid.is
benediktboas@frettabladid.is

Tilviljun

Margir supu hveljur þegar lögreglan upplýsti að fjórir hefðu verið handteknir vegna gruns um að hafa skipulagt stórfellda hryðjuverkaárás með sjálfvirkum skotvopnum. Lögreglan treysti almenningi fyrir litlu og síðan þá hefur fólk verið í upplýsingamyrkri á meðan hryðjuverkamálið teygir sig í ýmsar áttir með stuttum gæsluvarðhaldsúrskurði og orðum lögmans meints hryðjuverkamanns um að lögreglan hafi hlaupið á sig. Línur kunna að skýrast á næsta blaðamannafundi en getur almenningur í millitíðinni trúað því að tilviljun ein ráði því að á landinu séu nú 400 sprengjusérfræðingar við æfingar?

Mikilvægi

U-21 árs lið Íslands getur komist á stórmót og jafnvel Olympiuleikana með góðum úrslitum gegn Tékkum í vikunni. Ákall þjóðarinnar er að bestu ungu leikmenn landsins verði teknir frá A-landsliðinu sem leikur þýðingarlitinn leik gegn Albönunum á sama tíma. Þrátt fyrir að byrja með aðeins einn U-21 árs leikmann í æfingaleik gegn Venesúela ætla landsliðsjálfari Íslands, Arnar Þór Víðarsson, ekki að hleypa neinum í verkefni U-21. Enda segir á vefsíðu KSÍ að allt sé undir í Albaníu. Það reyndar kemur ekki í ljós fyrir en á næsta ári hvort leikurinn sé mikilvægur eða ekki. Og sumir halda að handboltareglur séu flóknar. ■

Fasismi á fínum fötum



Þórunn Sveinbjarnardóttir
þingkona Samfylkingarinnar
- jafnaðarmanna-flokkss Ísland

Við lifum athyglisverða tíma. Í hverjum kosningunum á fætur öðrum fá stjórnmálaöfl sem eiga rætur að rekja til gamalla fasistaflokka eða jafnvel hreyfinga nýnasista stuðning stórs hluta kjósenda. Jimmie Ákesson og Svíþjóðardemókratarnir fengu fimmtung greiddra atkvæða í kosningum til sænska þingsins fyrir í þessum mánuði. Allt bendir til þess að þeir séu orðnir stueren í sænskri pólitík, það er að segja í húsum hæfir.

Um helgina kusu Ítalir forystukonu Ítalska bræðralagsins, Giorgiu Meloni, að öllum líkindum í embætti forsætisráðherra í bandalagi við Matteo Salvini frá La Lega og Silvio gamla Berlusconi forystumann Forza Italia. Þau kalla sig miðhægri-bandalag en fátt bendir til annars en þau standi fyrir stæka hægri stefnu með ófgafullu ivafi. Áður höfum við fylgst með framgangi Marine Le Pen í Frakklandi og stjórnarháttum Viktors Orbán í Ungverjalandi, að ógleymdri alræðisstjórn Vladímírs Pútín í Rússlandi.

Hina nýju strauma í evrópskum stjórnmálum má kalla fasisma á fínum fötum. Yfirbragðið er brosandí fallget en skilaboðin þegar grann er skoðað ógeðfellt og sundrandi. Hinar nýfasisku hreyfingar nýta lýðhyggju (popúlisma) til að höfða til kjósenda með einföldum skilaboðum. En fasistar eiga það sameiginlegt að ráða ekki við stærstu verkefni samtímans: fólksflutningum skal mætt með lokun landamæra; hamfarahlýnun með afneitun; og kröfunni um jöfnuð og velferð með yfirboðum og skyndilausnum.

Að auki er sótt að kvenfrelsi og mannréttindum hinsegin fólks, það er sótt að tjáningarfrelsinu og lýðræðinu og hinu opna samfélagi. Ísland er ekki undanskilið. Gildi jafnaðarhugsjónarinnar um jafnrétti, frelsi, fjölbreytileika og samstöðu veita skýra leiðsögn í flóknum verkefnum samtímans. Nafn Samfylkingarinnar vísar til samfylkingar vinstri flokkanna gegn fasisma og nasisma á fjórða áratug síðustu aldar. Sú sókn er í fullu gildi og sækir kraft sinn til allra þeirra sem hafna hinum ólýðræðislegu öflum og bakslaginu gegn mannréttindabaráttu um allan heim. ■

Fólksflutningum skal mætt með lokun landamæra; hamfarahlýnun með afneitun.

MATUR OG HEIMILI
MEÐ SJÖFN ÞÓRÐAR

ÞRIÐJUDAGA KL. 19.00 OG 21.00

GKS, Esmen, HRINGBRAUT

Þegar þjóðir taka forystu



Auður Guðjónsdóttir
hjúkrunarfræðingur og stjórnarformaður Mænskastaðstofnunar Íslands

Fyrir skömmu las ég frétt um að Joe Biden, forseti Bandaríkjanna, og ríkisstjórn hans hefðu samþykkt að hrinda af stokkunum átaki í þágu krabbameins. Í fréttinni kom meðal annars fram að ætlunin væri að ríkið styrkti rannsóknir sem hefðu það markmið að leita lækningar. Biden sagði að átakið væri ein helsta ástæða þess að hann ákvað að bjóða sig fram til forseta en eins og kunnugt er lést sonur hans af völdum krabbameins í heila árið 2005.

Í baráttu minni í þágu lækninga á mænskada/lömun hef ég meðal annars skrifað fimm bréf til Tetrosar, framkvæmdastjóra WHO. Þar hef ég beðið hann um að láta WHO hrinda af stokkunum átaki í þágu lækninga á mænskada/lömun og almennt í taugakerfinu. Með öflugum stuðningi utanríkisráðuneytisins og sendiráðsins í Genf hefur WHO samþykkt að hrinda af stokkunum áratugar átaki þar sem tekið skal á mannréttindum þeirra sem líða vegna sjúkdóma eða skaða í taugakerfinu, meðferðum þeirra ásamt rannsóknum og lækningu í taugakerfinu.

Í einhverjum af þessum fimm bréfum til Tetrosar hef ég komið því sjónarmiði mínu á framfæri að besta leiðin til að átak WHO beri þann ávöxt sem vonast er til sé að hann leit eftir því við velmegandi



Það að WHO er nú með í undirbúningi að hrinda átakinu í taugakerfinu af stokkunum er að þakka mikilli vinnu nokkurra Íslendinga.

þjóðir að þær taki að sér ákveðna sjúkdómsflokka í taugakerfinu og vinni þeim brautargengi. Vonandi verður Tetros við óskum mínum núna þegar Biden og ríkisstjórn hans hafa sýnt þetta mikla frumkvæði í þágu lækninga við krabbameini sem svo sannarlega á eftir að verða mannkyni til góðs.

Í þeirri von að ríkisstjórn Íslands fari að fordæmi alríkisstjórnar Bandaríkjanna og riði á vaðið í þágu mænskadaans hef ég sent bréf til Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra og lagt til að mænskadaaverkefnið fái ríkisstjórnarmeðhöndlun og heimilisfesti í forsætisráðuneytinu. Það að WHO er nú með í undirbúningi að hrinda átakinu í taugakerfinu af stokkunum er að þakka mikilli vinnu nokkurra Íslendinga. Þess vegna bið ég bæði ríkisstjórnina og Guðna Th. Jóhannesson, forseta Íslands, að gera það sem í þeirra valdi stendur til að átakið megi beri sem mestan ávöxt. ■

Opið bréf til stjórnar Rauða krossins á Íslandi



Alma Hafsteins
formaður Samtaka áhugafólks um spilafíkn

Fréttablaðið hefur að undanförunu fjallað nokkuð um þær tafir sem orðið hafa á því að starfshópur um fjárhættuspil skili af sér tillögum að úrbótum. Innan Samtaka áhugafólks um spilafíkn, SÁS, hefur verið spurt hvað valdi, hvort verið geti að rekstraráðilar spilakassa séu að teffa málið og þæfa.

Þannig var spurt af hálfu samtakanna þegar Fréttablaðið leitaði álits þeirra á þessum seinagangi.

Framkvæmdastjóri RKÍ brást ókvæða við og kvað formann Samtaka áhugafólks um spilafíkn fara með rangt mál og fráleitt að saka Rauða krossinn um að standa í vegi fyrir úrbótum: „Ásakanir um slíkt eru ómaklegar enda höfum við viljað breyta þessu umhverfi með skadaminnkun í huga, og það sem fyrst.“

Ekki hljómar þetta sannfærandi. Viðbrögð af hálfu Rauða krossins við óskum þeirra sem haldnir eru spilafíkn og Samtaka áhugafólks um spilafíkn hafa ævinlega verið neikvæð. Um þetta myndu margir vilja hafa mörg orð.

Eitt er svo hvað sagt er, annað hvað gert er. En í ljósi þessara yfirlýsinga mælist SÁS til þess að RKÍ birti opinberlega gögn sem styðja



Viðbrögð af hálfu Rauða krossins við óskum þeirra sem haldnir eru spilafíkn og Samtaka áhugafólks um spilafíkn hafa ævinlega verið neikvæð.

þessar fullyrðingar framkvæmdastjóra. Jafnframt verði gerð grein fyrir og birt sú vinna sem fram hafi farið innan RKÍ og Íslandsspila sem staðfesti þessar fullyrðingar opinberlega.

Í sama viðtali í Fréttablaðinu og framangreind yfirlýsing framkvæmdastjórans birtist, kemur fram það mat þessa fulltrúa Rauða krossins að ef spilakössum verði lokað muni það ýta fólki með spilavanda (spilafíkn) í „afkima veraldarvefsins“.

SÁS óskar eftir skýrum svörum opinberlega frá stjórn Rauða krossins um hvort um sé að ræða sama „afkima veraldarvefsins“ og Íslandsspil, fyrir hönd eigenda sinna Rauða krossins á Íslandi og Landsbjargar, hafa í áraraddir óskað eftir að fá starfsleyfi til að starfa í. ■



MYND/PÁLL STEFÁNSSON

Vikurútflutningur byggður á sandi



Tómas Guðbjartsson
læknir og náttúruverndarsinni

Það voru herfileg mistök hjá íslenskum stjórnvöldum að nýta sér ekki forkaupsrétt að jörðinni Hjörleifshöfða á Mýrdalssandi. Í staðinn keypti hana girugt þýskt námafyrirtæki, STEAG Power Minerals, sem áætlað er að vinna þar allt að 146 milljónir m³ af efni á allt að 15,5 km² landsvæði, steinsnar frá náttúruvernlunni Hafursey. Vikurinn á að nota sem íblöndunarefni fyrir sement og verður hann fluttur landleiðina til Þorlákshafnar, og þaðan til sementsframleiðenda í Evrópu og Norður-Ameríku.

Suðurland fyrir vörubíla?

Þegar vinnslan verður komin á fullt er áætlað að risaflutningabílar aki 120 ferðir á dag, 180 km leið með samtals 1 milljón tonna af vikri á ári, eða á korters fresti allan sólarhringinn ef miðað er við 249 vinnudaga á ári. Þessar tölur má síðan tvöfalda þegar tekinn er með akstur tómrar vörubíla austur á Mýrdalssand. Þessi stórkaralegu áform eru algjörlega út úr korti og falla engan veginn að ímynd Íslands og þeirri ósnortnu náttúru sem þar er að finna; náttúru sem okkur ber skylda til að varðveita en ekki rústa og bókstaflega selja til erlendra auðhringa. Námagróftur mun einnig stórskada ört vaxandi ferðamannþjónustu í Mýrdalshreppi.

Námavinnsla við einstaka náttúruperlu

Vikurnámurnar verða staðsettar í næsta nágrenni Hafurseyjar, sem er með falletgri fjöllum á Íslandi og er náttúruperla sem því miður er flestum lítt kunn. Það réttlætir þó ekki að nágrenni hennar sé eyðilaggt, enda líklegt að Hafursey verði vinsæll viðkomustaður ferðamanna í náninni framtíð. Grónar hliðarnar, sem teygja sig niður að rótum fjallsins, kalla á athygli, enda í fullkominni andstöðu við annars biksvartan sandinn. Svona umhverfi á fáa sína líka og fjallið hefur löngum verið vinsælt móttiv ljósmyndara eins og RAX og Páls Stefánssonar. Skammt frá Hafursey eru síðan fleiri einstakar náttúruperlur eins og Hjörleifshöfði, Þakgil með Höfðabrekkuafreitti og síðast en ekki síst ishellararnir stórkostlegu í Kötlujökli.

Þungaflutningar fram hjá náttúruperlum

Vörubílar munu aka í gegnum Vík í Mýrdal, vinalegan smábæ sem er orðinn einn vinsælasti ferðamannastaður landsins. Enda státar hann af einstakri sandströnd og útsýni að reisulegum Reynisdröngum. Staðreyndin er sú að í dag byggja langflestir íbúar Vikur afkomu sína á ferðaþjónustu og erfitt er að sjá hvernig námugróftur í næsta nágrenni, með tilheyrandi þungaflutningum í gegnum bæinn, geti farið saman við miklu þýðingarmeiri ferðaþjónustu þar. Á leiðinni til Þorlákshafnar verða síðan fleiri stórkostlegir ferðamannastaðir á leið vörubíla, eins og Sólheimajökull, Skógafoss og Seljalandsfoss. Í dag annar Suðurlands-

vegur ekki þeirri þungu umferð sem um hann fer og vegurinn getur engan veginn tekið við stóruknum þungaflutningum, hvað þá íbúar á Hvolsvelli og Hellu.

Umhverfisvæn námuvinnsla?

Rök þeirra sem standa að vikurgreftinum er að um umhverfisvæna starfsemi sé að ræða; fullyrðing sem fær engan veginn staðist. Það er rétt að við vinnslu sements er víða notast við kolaösku sem fellur til við kolabrennslu, og er ætlunin að vikurinn af Mýrdalssandi komi í stað hennar. Þessi rök halda ekki því að það er ekkert umhverfisvænt við að keyra vikur tæplega 200 km leið á risastórum vörubílum og flytja hann síðan sjóleiðina yfir Atlantshafið. Þar þarf síðan að flytja hann áfram til framleiðenda með lestum eða vörubílum, og tilheyrandi kol-efnisspori.

Áform byggð á sandi

Vikurnám á Mýrdalssandi er hús byggð á sandi, og best að þessi geræðislegu áform verði stöðvuð strax. Námagróftur í næsta nágrenni við náttúruperlur eins og Hafursey og Kötlujökul truflar heilbrigða skynsemi þar sem ósnortin íslensk náttúra er gerð að útflutningsvöru.

Vonandi munu íslensk stjórnvöld hysja upp um sig brókina og hafa þor til að leidrétta mistökina á Mýrdalssandi, nema Katla taki af skarið og skoli gröfunum á haf út við Hjörleifshöfða. Þar kom jú í land Hjörleifur fóstbróðir Ingólfs Arnarsonar fyrir tæpum 1200 árum síðan, og þótti útsýnið einstakt, skoðun sem flestir en því miður ekki allir deila. ■

Léttir að brjóta ísinn snemma í Belgíu

Nökkvi Þeyr Þórisson er kominn á fulla ferð með Beerschot í Belgíu eftir félagaskipti sín frá KA. Um helgina skoraði hann sitt fyrsta mark. Nökkvi er virkilega ánægður með að vera kominn til Beerschot en fylgist grannt með sínu gamla liði hér heima að utan.

helgifannar@frettabladid.is

FÓTBOLTI Nökkvi Þeyr Þórisson er ánægður með fyrstu vikurnar hjá belgíska B-deildarliðinu Beerschot. Nökkvi kom til félagsins frá KA. Kantmaðurinn kná skoraði eitt og lagði upp tvö mörk í 4-0 sigri á Knokke í bikarnum á sunnudag. Markið var hans fyrsta fyrir félagið en um var að ræða annan leik hans í byrjunarliði.

„Það er alltaf gaman að komast á blað. Það er fint að vera búinn að brjóta ísinn,“ segir Nökkvi léttur í bragði eftir góða helgi.

Nökkvi gekk í raðir Beerschot frá KA í byrjun mánaðar. Hann fór á kostum með liðinu hér heima í sumar og er enn markahæstur í Bestu deildinni á leiktíðinni með sautján mörk. Nökkvi og kærasta hans eru að koma sér fyrir á meginlandinu.

Fundu sér íbúð eftir hóteldvöl

„Við erum loksins komin með íbúð eftir að hafa verið í þrjár vikur á hóteli,“ segir Nökkvi.

Hann hefur aðlagast belgíska boltanum hratt að eigin sögn. „Ég kom inn í byrjunarliðið eftir fyrsta leik og þetta var annar byrjunarliðsleikurinn. Það er verið að fara hratt í hlutina, sem er bara flott, maður er í toppstandi.“

Nökkvi segist þegar finna töluverðan mun á íslenska og belgíska boltanum, hann þurfi þó meiri tíma til að leggja mat á það af alvöru. „Tempóið er hærra og allt gerist hraðar.“

Beerschot er stórt félag sem féll úr belgísku úrvalsdeildinni í fyrra. Kröfurnar eru miklar og stefnan sett beint aftur upp.

„Þetta er risafélag í Belgíu. Öll umgjörð er í algjöru toppstandi. Það er læknir á hverri æfingu, fjórir til fimm sjúkraþjálfarar, styrktarþjálfarar, myndbandsgreinandi, aðstoðarþjálfarar, markmannsþjálfari, það er alveg rosaleg



Nökkvi er hissa á því að KA hafi ákveðið að láta Arnar Grétarsson þjálfara fara.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



Ég hef mjög miklar mætur á Arnari. Ég væri ekki á þeim stað sem ég er í dag ef ekki væri fyrir hann.

Nökkvi Þeyr Þórisson

umgjörð í kringum allt. Maður átt- aði sig á því strax á fyrstu vikunni hvernig stærðin er á þessu, þegar maður sér umgjörðina og alla addá- endurna.

Sagan sýnir að þetta er efstu- deildarklúbbur. Þetta er efstu- deildarklúbbur í B-deild sem ætlar sér beint aftur upp, það var það sem heillaði mig hvað mest.“

Horfir stressaður á leiki KA

Þó að Nökkvi sé ekki lengur leik- maður KA fylgist hann vel með liðinu og styður það áfram úr fjar- lægd. Liðið situr í þriðja sæti Bestu deildarinnar með 43 stig, átta stigum á eftir toppliði Breiðabliks þegar nýbúið er að skipta deildinni upp í tvennt.

„Ég fylgist grannt með hverjum

einasta leik og er miklu stressaðri að horfa á þetta heldur en þegar ég var að spila leikina sjálfur. Það er agalegt. En ég treysti þeim svo vel fyrir þessu. Þetta er svo góður hópur, fullt af góðum leikmönnum. Það hefur sýnt sig í síðustu leikjum á móti Breiðabliki og Val að menn stíga bara upp, eins og ég vissi að þeir myndu gera,“ segir Nökkvi, en KA hefur unnið bæði Blika og Val í síðustu leikjum sínum.

Arnar sá besti á ferlinum

Arnar Grétarsson yfirgaf KA á dögnum, eftir að hafa þjálfað liðið síðan 2020. Undir hans stjórn sprakk Nökkvi út í sumar og raðaði inn mörkunum. Hann segir Arnar besta þjálfara sem hann hefur unnið með á ferlinum.

„Ég var þínu hissa að sjá það. Ég hélt að hann myndi klára tímabilið. Ég held að þetta hafi komið öllum á óvart. Hann er frábær þjálfari, sá besti sem ég hef haft.“

Ég hef mjög miklar mætur á Arnari. Ég væri ekki á þeim stað sem ég er á í dag ef ekki væri fyrir hann.“

Hallgrímur Jónasson er tekinn við sem aðalþjálfari KA eftir að hafa verið aðstoðarmaður Arnars.

„Hallgrímur er meira en tilbúinn í þetta, maður sá það þegar Arnar var í banni, þetta er toppþjálfari. Ég hef trú á að hann geti orðið risastór þjálfari í framtíðinni. Svo er hann frábær persóna líka og góður gæi. Hann hefur kennt mér virkilega mikið. KA-liðið er í mjög góðum höndum með Hallgrím,“ segir Nökkvi Þeyr Þórisson. ■

Stig gæti reynst dýrmætt fyrir Ísland

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Íslenska karlalandsliðið mætir Albaníu í lokaleik liðsins í Þjóðadeildinni ytra í kvöld. Ljóst er að hlutskipti Strákanna okkar verður annað eða þriðja sæti riðilsins en Ísraelar eru búnir að tryggja sér efsta sætið og Rússar falla um deild. Það þýðir hins vegar ekki að það sé að engu að keppa í dag fyrir Strákana okkar.

Íslandi nægir jafntefli í dag til að halda öðru sæti í riðlinum en með sigri getur liðið styrkt stöðu sína þegar kemur að umspilinu fyrir Evrópumót 2024. Íslendingar nutu góðs af umræddu umspili í aðdraganda Evrópumótsins 2020 en Strákarnir okkar þurftu að lúta í gras gegn Ungverjalandi það árið.

Hér verður staðan aðeins flóknari. Í lok Þjóðadeildarinnar er liðunum raðað á töflu eftir stigafjölda þar sem A-deild skipar eftustu tíu sætin, B-deildin næstu tíu og svo áfram. Þessi tafla (e. rankings) er notuð til að ræða í styrkleikaflokka þegar



Ísland bíður enn eftir fyrsta sigrinum í Þjóðadeildinni. Leikurinn gegn Albaníu er sá fjór- tándi hjá karlalands- liðinu í keppninni.

dregið verður í undankeppni fyrir EM næsta sumar þar sem Ísland á enn möguleika á að komast í annan styrkleikaflokk. Um leið er taflan goggunarröðun í umspilssæti fyrir þær þjóðir sem komast ekki á EM í undankeppninni sjálfri.

Líklegt er að öll liðin í fyrsta styrkleikaflokki og stærstur hluti úr öðrum styrkleikaflokki komist áfram í undankeppninni og er því mikilvægt að enda ofarlega í B-deild til að eiga annan möguleika í hendi ef karlalandsliðinu mistekst að komast á EM í gegnum umspilið. ■

Utan vallar

Mistök að óska eftir umsóknum



Hörður Snævar Jónsson hordur @frettabladid.is

Komið hefur fram að fjórir sóttu um starf sem nýr yfirmaður fót- boltamála hjá KSÍ en staðan var auglýst á dögnum. Athygli vekur hversu lítill áhugi er á starfinu því stærstu nöfnin í íslenskum fótbolta hafa ekki áhuga á því þegar sækja þarf um. Undanfarna daga hef ég rætt við aðila í hreyfingunni sem telja það stór mistök að óska eftir umsóknum um starfið. Hægt er að taka undir það.

KSÍ á að eltast við þá aðila sem sambandið telur að séu besti kost- urinn í starfið. Um er að ræða eitt mest spennandi starf í íslenskum fótbolta en stærstu nöfn fótboltans hér heima vilja láta eltast aðeins við sig. Láta eins og þeir séu eftir- sóttir. Flestir eru líka í starfi og því kemur það illa út að sækja um annað starf. Að mínu mati hefði KSÍ átt að eltast við þá aðila eftir að hafa farið í þarfagreiningu á hvaða

kosti starfsmaðurinn þarf að hafa.

Rúnar Kristinsson, Ólafur Krist- jánsson og Arnar Grétarsson hefðu allir verið mjög hæfir í starfið en enginn þeirra sótti um. Það er ekki mjög algengt að knattspyrnusam- bönd eða félagslið auglýsi eftir umsóknum í sin stærstu störf. Við sjáum það úti í hinum stóra heimi. Í atvinnumannafótbolta er byrjað á að skoða hvað felst í starfinu og settur saman listi af einstaklingum sem passa inn í það form og byrjað er að eltast við þá.

Annar punktur er svo sá að starfið var auglýst opinberlega en KSÍ ætlar ekki að gefa upp hvaða fjórir einstaklingar sóttu um það. Vitað er að Jörundur Áki Sveinsson, þjálfari yngri landsliða, er einn þeirra en ekki hefur komið fram hverjir aðrir sóttu um. Gagnsæið er ekki meira en það. Það finnst mér lélegt. ■



Það er ekki mjög algengt að knatt- spyrnu- sambönd eða félags- lið auglýsi eftir umsóknum.



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

ÞRIÐJUDAGUR 27. september 2022

lifestream

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

ALOE VERA
MELTING & BÓLGUR

85%
VIRKT
CURCUMIN

BIOGENIC
ALOE VERA
WITH TURMERIC
Soothing Digestive Tonic

www.celsus.is

lifestream

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

AUKAKÍLÓIN
BURT

CERTIFIED ORGANIC
CC FLAX
Bone, skin and digestive health

FOR WOMEN
CALCIUM
CRANBERRY
FLAXSEED

POWDER
200g NET

ORGANIC
VEGAN

www.celsus.is

BÄSTA I TEST
Bäst-i-Test 2022

BESTA
SÓLARVÖRNIN
7 ár
ÍRÓÐ

EVY
SUNSCREEN
MOUSSE

30

LONG LASTING
HIGH SPF PROTECTION
FOR CHILDREN

WATER RESISTANT • NON-STICK
HYPOALLERGENIC

Fæst í Apóteku, Hagkaup, Fríhöfninni
og víðar | nánar á evy.is og celsus.is



Hildur Þórðardóttir, verslunarstjóri hjá Rúmföt.is, heimsótti ítalska birgja verslunarinnar í sumar ásamt Birni Þór Heiðdal eiganda hennar. Ítalir hafa í gegnum tíðina verið fremstir í að vefa og sauma hágæðarúmföt en verslunin selur einmitt ítölsk gæðarúmföt.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ítalir framleiða frábær rúmföt

Mörg frægustu og bestu rúmfatamerki heims eiga rætur sínar að rekja til Ítalíu. Hjá Rúmföt.is fást ítölsk rúmföt úr 600 og 700 þráða silkidamaski úr gæðabómullarþráðum. **2**



Hér má sjá 600 þráða ítalskt silkidamask sem kostar 34.000 kr.

Í gegnum tíðina hafa Ítalir verið fremstir í að vefa og sauma hágæðarúmföt. Þar ríka aldagamlar hefðir sem rekja má aftur til endurreisnarinnar þar sem borgir eins og Flórens og Feneyjar spiluðu stórt hlutverk í textíllframléiðslu fyrir evrópska aðalinn. Mörg frægustu og bestu rúmfatamerki heims eiga rætur sínar að rekja til Ítalíu þar sem hefðir og þekking ráða útkomunni. En allir sem hafa prófað að sofa undir alvöru ítölskum rúmfötum vita hvað það þýðir, segir Björn Þór Heiðdal, eigandi verslunarinnar Rúmföt.is.

„Í sumar heimsóttum við Hildur Þórðardóttir verslunarstjóri fyrirtækin sem við kaupum rúmfötin okkar frá og var sú ferð algert ævintýri. Við heimsóttum líka flottustu rúmfatabúð Feneyja sem þjónar ríka fólkinu sem á snekkjur sem kosta fleiri milljarða og nokkrar krónur í viðbót. Alveg dásamleg rúmföt og enn þá flottari búð. Ég held að það hafi ekki verið hægt að kaupa neitt fyrir minna en 100.000 kall. Rúmfötin sem við seljum og látum vefa fyrir okkur eru jafnvel betri og líka á sanngjörnu verði.“

Best að koma við rúmfötin

„Við látum vefa fyrir okkur 600 og 700 þráða silkidamask sem segir kannski ekki mikið því stundum sér maður auglýst rúmföt með miklu fleiri þráðum. En hugtakið þráðafjöldi er lauslega notað til að gefa til kynna gæðin á sængurfötunum. En þetta er varasamt því gæðin fara meira eftir hvaða bómullarþráður er notaður og líka, sem ég lærði í ferðinni, hvernig efnið er meðhöndlað eftir að búíð er að vefa það.“

Eina leiðin til að átta sig á hvort rúmföt eru góð er hreinlega að koma við þau, segir Björn. „Því maður getur auðveldlega fundið muninn á ódýru damaski frá Pakistan sem fæst í annarri hverri búð á Íslandi eða hágæðaefni frá Ítalíu.“

Í vöggum textílmennningar Ítala

Eftir að hafa skoðað Feneyjar og keypt nokkur handgerð glös á Murano-eyju sem er heimsþekkt fyrir glerblástur lá leiðin austur á svæði sem heitir Bergamo, segir Hildur. „En svæðið samanstendur af einni fallægustu borg Ítalíu og sveitunum í kring. Á þessu svæði eru mörg textílfyrirtæki og reyndar líka í kringum Como sem er aðeins nær landamærunum að Sviss.“

Í þessari vöggum textílmennningar Ítala var tekið vel á móti þeim, að sögn Hildar. „Arturo og Matteo hoppuðu og skoppuðu í kringum okkur með undraverð damask- og satínefni í öllum regnbogans litum. Meðan við eyddum öllum framtíðarhagnaði búðarinnar gæddum við okkur á þeim stærstu og bragðbestu kirsuberjum sem ég hef á ævinni smakkað.“

Hittum Jack Sparrow

Síðan var farið með þau út að borða á finan veitingastað en það



Magga saumakona í jólskapi.

Því maður getur auðveldlega fundið muninn á ódýru damaski frá Pakistan sem fæst í annarri hverri búð á Íslandi eða hágæðaefni frá Ítalíu.

Björn Þór Heiðdal

þykir til síðs í svona viðskiptaheimsóknum, að sögn Björns. „Eftir eina rauðvínsflösku fór ég virkilega að trúá á framtíðina og þegar við komum til baka á skrifstofu Matteos opnaði ég glitrandi seðlaveskið og pantaði fullt af eðalfinum rúmfötum eins og ég ætti snekkjur upp á fleiri milljarða og peningar skiptu varla máli. Kannski var þetta rauðvínið en ég held að þeim félögum hafi ekki leiðst þessi kaupgleði sem helltist yfir okkur. Því næst fengum við að skoða verksmiðjuna þeirra en ég ætlaði varla að trúá mínum eigin augum því sjálfur Jack Sparrow tók á móti okkur með alla hringana sína og hálsfestar.“

Þetta var þó ekki Jack Sparrow heldur verksmiðjustjórinn sem betur fer. „Klukkan var orðin daldið margt og fáir við störf en samt ótrúlega gaman að sjá allt ferlið og líka saum við mjög flott efni sem nýbúið var að vefa fyrir heimsþekkt lúxusmerki. Nýkomið úr vefstólunum sem verða notaðir til að vefa fyrir okkur sams konar hágæða rúmföt.“

Verksmiðjan var öll hin tæknilegasta og nýbúið að endurnýja allt til að geta veitt viðskiptavinum betri þjónustu. „Það kom fram að öll þessi fjárfesting væri nauðsynleg til að geta keppt við ódýrari rúmföt frá Asíu. En undanfarin fjörutíu ár hefur hver verkmiðjan á fætur annarri neyðst til að hætta og til að bregðast við því hafa fyrirtækin á Ítalíu sameinast og einbeitt sér að lúxusvöru í miklum gæðum sem verkmiðjur í Asíu geta illa keppt við. Minna magn en meiri gæði.“

Magga breytir öllu í listaverk

„Því má bæta við þessa frásögn að við erum bæði að kaupa tilbúin



Björn Þór Heiðdal, eigandi Rúmföt.is, fyrir framan vefstóla á Ítalíu.



Falleg lúxusrúmföt fyrir vandláta.



Fallegt 600 þráða satin sem kostar 17.800 kr.

Hjá Rúmföt.is fást einungis gæðarúmföt úr vönduðum efnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

rúmföt frá Ítalíu og síðan er hún Magga okkar að sauma í búðinni rúmföt úr sömu efnum, bætur Björn við. „Margrét Guðlaugsdóttir, eins og hún heitir fullu nafni, er með áratuga reynslu í saumaskap og saumaði meðal annars rúmföt fyrir Fatabúðina þegar sú búð var upp á sitt besta.“ En allt sem hún kemur nálægt breytist í listaverk enda alger snillingur, segir hann. „Eini gallinn er að Magga er bara með tvær hendur og þarf stundum frí. Þess vegna eru rúmfötin hennar bara til í takmörkuðu magni sem klárast alltaf fyrir júl. Við hvetjum því alla sem vilja eignast rúmföt eftir Möggu til að koma í fyrra fallinu.“

Rúmföt.is selur líka sængurföt frá Kína og Þýskalandi sem eru í mjög háum gæðaflokkum og gefa þessum ítölsku ekki mikið eftir. „En það er alltaf eitthvað við þessi ítölsku rúmföt sem gerir þau sérstök og viðskiptavinir okkar elska. Við viljum líka minna á aðrar vörur sem við seljum, til dæmis Black Forest sængurnar sem er lúxusmerki sem þýska fyrirtækið OBB býður viðskiptavinum sínum upp á. Það fást varla flottari sængur á Íslandi. Einnig erum við með dásamlega kotta sem fólk hefur hrósað okkur fyrir. Við seljum líka frábær silkikoddaver sem fara vel með húð og hár. Síðan má ekki gleyma viskustykkjum frá Frakklandi og Króatíu sem henta í litlar tækifærissgjafir.“ ■

Verlunin á Nýbýlavegi 28 er opin frá kl. 12-17.30 virka daga og kl. 11-15 laugardaga. Nánari upplýsingar má finna á rumfot.is.

Fasteignablaðið

39. TBL. 27. SEPTEMBER 2022

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

VIÐ LEIÐUM ÞIG HEIM



Landmark fasteignamiðlun

Hlíðasmára 2

201 Kópavogur

Sími: 512 4900

www.landmark.is

LANDMARK
 FASTEIGNAMIÐLUN

 Síðumúla 31
 108 Reykjavík
 517 3500
 fyrirtækjasala.is

Viltu selja rekstur eða húsnæði? Hafðu samband við okkur
Hannyrðaverslun - Góð kaup!

Eigin innflutningur á mjög vinsælum hannyrða-vörum til margra ára.

Smáralind - ísbúð - Einstakt tækifæri

Starfrækt óslitið frá opnun Smáralindar. Hagkvæmt verð ef samið er strax!

Heildsala - Snyrtivörur

Mjög þekktar og vinsælar vörur til fjölda ára

Söluturn - í miðborg Reykjavíkur

Þægilegur opnunartími. Gott verð.

Heildsala - Smásala - Heimilisvörur

Vaxandi netverslun með mikið úrval af heimilis-, raftækja- og heilsuvörum.

Stórglæsileg Líkamsmeðferðarstofa

Boðið uppá flestar algengustu líkamsmeðferðir. Glæsilega innréttuð

Undirföt - Unaðsvörur - netverslun

Vinsælar hágæða vörur. Eigin innflutningur.

 Björgvin Óskarsson Iglm, s. 773-4500 bjorgvin@atv.is
 Óskar Mikaelsson Igfs., s. 773-4700 oskar@atveignir.is


Lindarsel 8 er á frábærum stað í Seljahverfi og þaðan er glæsilegt útsýni. Opið hús á morgun frá klukkan 17 til 17.30.

Hús með tveimur íbúðum

Kjöreign kynnir til sölu vandað og glæsilegt hús með tveimur íbúðum og tvöföldum bílskúr við Lindarsel 8 í Seljahverfinu í Reykjavík.

Á hæðinni eru fjögur svefnherbergi, öll með parketgölfum. Í flísalögðu anddyri með gölfhita er fataskápur og þaðan er gengið inn í flísalagða gestasnyrtingu og forstofuherbergi með fataskáp. Gangur inn af anddyri er flísalagður og þaðan gengið inn í annað svefnherbergi með fataskáp og algerlega endurnýjað og flísalagt baðherbergi.

Við enda gangsins er gengið niður tvær tröppur. Beint á móti er svefnherbergi með fataskáp og rúmgott hjónaherbergi með miklu skápaplássi. Úr því er gengið út á svalir með sérsmíðuðu handriði og gleri. Viðarklædd loft og aukin lofthæð eru í þessum tveimur herbergjum.

Stofa og borðstofa eru samliggjandi með mikilli lofthæð. Þaðan er glæsilegt útsýni til norðurs, á Esju og Akrafjall. Viðarklæðning í lofti. Svalahurð er úr stofu út í vesturhluta garðsins. Í eldhúsi er upprunaleg innrétting úr gegnheilli eik með granítborðplötum. Úr þvottahúsi, inn af

eldhúsi, er einnig dyr út á sólpall. Í eldhúsi og þvottahúsi eru steinflisar, sem og í miðrymi þar sem er sjónvarpskrókur og stigi upp í ris, sem er ekki inni í skráðum fermetrafjölda. Risið er parketlagt og getur nýst sem setustofa. Þaðan er gengið eftir svölum inn á innra loftið þar sem er baðherbergi með flísalögðum sturtuklefa, sauna og geymslum.

Bílskúrin er tvöfaldur og bjartur með nýlegum innkeyrsluhurðum og sjálfvirkum opnum, flísalögðu gölfi, hliðarhurð og stóru geymslulofti. Undir bílskúrnum er tunnu- og áhaldageymsla.

Á neðri hæð er þriggja herbergja íbúð í útleigu. Íbúðin er með sérinnangi og sér bílastæði. Þvottahús er inn af flísalagðri forstofu, eldhús með hvítmálaðri innréttingu, ísskápur og uppþvottavél fylgja íbúðinni. Eldhúsið gengur inn í stofu og framan við það er borðstofa. Stór geymsla. Í svefnálmur er gengið upp tvær tröppur, þar eru tvö rúmgóð svefnherbergi og dyr úr stærra herberginu út í garðinn. Flísalagt baðherbergi með baðkari og nýjum sturtuklefa. Íbúðin er öll nýmálud og á henni er nýlegt harðparket. Fataskápar í forstofu og svefnherbergjum.

Framan við húsið er upphituð

stétt og stór viðarklæddur sólpallur með skjólveggjum með heitum potti. Umhverfis skjólveggina er göngustígur og upphækkuð blóma- og trjábeð. Neðri hluti garðsins er í tveimur stöllum og er efri stallurinn byggður upp með stórgryti, trjábeðum og grasflöt.

Húsið hefur frá upphafi verið í eigu seljenda. Því hefur verið vel við haldið en fyrir tíu árum fóru fram umfangsmiklar endurbætur á efri hæðinni. Þá var skipt um öll gölfefni, innihurðir og veggklæðningar. Baðherbergi endurnýjuð frá grunni. Glerlistar og gluggar hafa verið endurnýjaðir og eru nýmálaðir, skipt hefur verið smám saman um flestar rúður í húsinu. Sama er að segja um alla miðstöðvarofna og innstungur og slökkvára. Útveggir á neðri hæð sem ekki eru hraunaðir eru nýmálaðir. Þakið er upprunalegt en hefur verið vel viðhaldið.

Glæsileg eign með fallegu útsýni og frábæra staðsetningu í lokaðri götu. Sjón er sögu ríkari. Opið hús á morgun, miðvikudaginn 28. september, frá klukkan 17 til 17.30. ■

Nánari upplýsingar gefa sölumenn Kjöreignar í síma 533 4040 eða á netfanginu kjoreign@kjoreign.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:

 Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
 Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

2002 - 2022

Á traustum grunni í 20 ár



Grensásvegur 3, 2 hæð 108 Reykjavík Sími 530 6500 heimili@heimili.is heimili.is



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Elín D. Guðmundsdóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Sigríður Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is



Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Starfandi í 40 ár – 1982-2022

Espigerði 2 – 4ra herbergja íbúð með stæði í bílageymslu



**OPIÐ HÚS
Í DAG**

Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Falleg og vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á tveimur hæðum í mikildu endurnýjuðu fjölbýlishúsi við Espigerði 2. Íbúðinni fylgir stæði í bílageymslu þar sem eru hleðslustöðvar fyrir rafbíl og einnig á sameiginlegu bílastæði fyrir utan.
- Á aðal hæð eru forstofa, gestasnyrtning, stofa, borðstofa og eldhús. Á efri hæð sjónvarpshol, hjónaherbergi, tvö barnaherbergi, baðherbergi og þvottaherbergi.
- Tvennar svalir til austurs og vesturs. Húsið að utan lítur vel út og búið er að fara í viðamiklar endurbætur síðustu ár. Nýleg hellulögn er við húsið með snjóbræðslu og verönd.
- Eignin getur verið laus til afhendingar við kaupsamning.

Verð 89,9 millj.

Barðastaðir 49. Raðhús í nálægð við golfvöll og náttúru



**OPIÐ HÚS
Á MORGUN**

Eignin verður til sýnis á morgun, miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45

- Vel skipulagt 164,1 fermetra raðhús á einni hæð með bílskúr við Barðastaði í Grafarvogi. Hellulagt bílastæði fyrir allt að 4 bíla.
- Aukin lofthæð er í húsinu og hefur eignin hefur verið töluvert endurnýjuð að undanfögnu m.a. er nýtt parket á gólfum og lýsing hefur verið endurnýjuð.
- Eignin skiptist í forstofu, þvottaherbergi, eldhús, samliggjandi stofur, hol, baðherbergi, hjónaherbergi með fataherbergi innaf og tvö barnaherbergi. Geymsla er innaf bílskúr.
- Húsið er mjög vel staðsett í nálægð við golfvöll Grafarvogis. Góð aðkoma er að húsinu og hitalagnir eru undir stétt og innkeyrslu. Falleg gróin lóð með skjólsælli víðarverönd.

Verð 119,0 millj.

Sérbyli á einni hæð óskast í Kópavogi eða í Garðabæ

Einbyli, raðhús eða parhús á einni hæð óskast í skiptum fyrir glæsilega 160 fermetra íbúð í lyftuhúsi í Akrahverfi í Garðabæ

Austurberg 20 - 5 herbergja endaíbúð ásamt bílskúr



- Vel skipulögð 5 herbergja endaíbúð á 2. hæð við Austurberg auk 18,0 fermetra bílskúrs.
- Íbúðin er með gluggum í þrjár áttir. Stórar flísalagðar svalir til suðurs. Sér þvottaherbergi með glugga og búi innaf er innan íbúðar. Sér geymsla á 1. hæð.
- Stofa er rúmgóð og björt. Þrjú rúmgóð herbergi. Eldhús opið við hol og með borðaðstöðu. Bílskúrin er 18,0 fermetrar að stærð og er með rafmagni og hita.
- Íbúðin er laus til afhendingar fljótlega.
- Staðsetning eignarinnar er góð og stutt er í leikskóla, skóla, sundlaug, íþróttasvæði, verslanir og þjónusta.

Verð 64,9 millj.

Bárugata 31 - 3ja herbergja íbúð á efri hæð ásamt bílskúr.



**OPIÐ HÚS
Á MORGUN**

Eignin verður til sýnis á morgun, miðvikudag frá kl. 17.00 – 17.30

- 3ja herbergja íbúð á efri hæð í virðulegu, steinsteypu tvíbylishúsi í Vesturbæ Reykjavíkur.
- Eigninni fylgir óvenju stór bílskúr ásamt sér bílastæði á lóðinni.
- Sameiginlegur inngangur með neðri hæð. Út frá stigapalli á efri hæð eru stórar sameiginlegar vestursvalir.
- Eignin er samtals 156,9 fermetrar, þar af er bílskúr 60,1 fermetrar, sjálf íbúðin 85,3 fermetrar og tvær geymslur 5,8 og 5,7 fermetrar.
- Bílskúrin er með góðri gluggasetningu, ágætri lofthæð og býður upp á mikla möguleika, til dæmis sem vinnustofa eða stúdíóíbúð.
- Lóðin er skjólsæl suðurlóð, afgirt með steypum veggjum.

Verð 79,9 millj.

**Parft þú að stækka eða minnka við þig
en finnur ekki réttu eignina ?**

Höfum fjölda aðila á skrá sem vilja selja í skiptum fyrir stærri eða minni eignir.

Hafðu samband og skráðu þig hjá okkur - Við finnum réttu eignina fyrir þig.

<https://www.facebook.com/fastmark.is> - https://www.instagram.com/fasteignamarkadurinn_ehf/

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is



Akralind 3, 201 Kópavogur GOTT ATVINNUHÚSNÆÐI.



Glæsilegt og vandað 350 fm skrifstofuhúsnæði á tveimur hæð.
Bilið er á 2. og 3. hæð.
2. hæð er 200fm með fimm skrifstofum.
3. hæð er 150fm með einu stóru opnu skrifstofurými.
Glæsilegt og vel viðhaldið skrifstofu húsnæði í Lindunum, miðsvæðis á stór-Reykjavíkursvæðinu.
Leiguverð 950.000+hiti og rafmagn.

Skólavörðustígur 16A, 101 Rvk. VERSLUNARHÚSNÆÐI.



Fallegt 70 FM verslunarhúsnæði í nýlegu húsi á góðum stað við Skólavörðustíg.
Um er að ræða frábært fjárfestingatækifæri í björtu og huggulegu húsnæði.
Það skiptist í verslunarrými og starfsmannarými sem er með góðum birtugluggum í lofti.
Húsnæðið er með leigusamningi með endurskoðunarákvæði eftir tvö ár.
Vinsamlegast bókið skoðun hjá löggiltum fasteignasöllum Foldar.
Frábær fjárfesting.
Verð 56 millj.

Flókagata 4, 105 Rvk. 250 FM PARHÚS / 3 ÍBÚÐIR.



Flókagata 4, 105 Rvk:
Ca. 250 fm parhús á þremur hæðum sem er í dag á tveimur fastanúmerum með þremur íbúðum.
Eign sem býður uppá mikla möguleika.
Sameiginlegur inngangur fyrir 1. og 2. hæð en sérinngangur í kjallara. Rúmgóð lóð með ágættri suðurverönd. Íbúðirnar á annari og þriðju hæð eru 3ja herbergja en í kjallara er tveggja herbergja íbúð auk sameignar. Þetta er góð fjárfesting með miklum möguleikum til útleigu og til endurskipulagningar.
Verð 149,8 millj.
Bókið skoðun á fold@fold.is eða hjá fasteignasöllum Foldar.

Óskum eftir

- íbúðum í öllum hverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila
- traustar greiðslur
- langur leigutími
- nánari upplýsingar á skrifstofu

Hvað kostar eignin mín?

Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401

Þú finnur okkur á fold.is

Þátttakandi í íslensku
atvinnulífi í meira en
50 ár



NÝTT Í SÖLU

OPÍÐ
HÚS

fimmtudaginn
29. september
kl. 17.30 - 18.00

Espigerði 4

108 Reykjavík - íb. 806

Sérlega fallega 2ja herb.
65,9 fm útsýnisíbúð á
8. hæð - stórbrotið útsýni

- Öll endurnýjuð og hönnuð af Guðbjörgu Magnúsdóttur 2014
- Mjög rúmgóð eldhúsinnrétting
- Fataherbergi inn af svefnherbergi
- Rafhleðslustöðvar
- Gott viðhald á húsi
- Samkomusalur og suður paksvallir á 9. hæð



Nánari upplýsingar veitir:

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

Verð: 56,9 millj.



NÝTT Í SÖLU

PANTÍÐ SKOÐUN
hjá Jórunni í síma 845 8958



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Arkarvogur 6

104 Reykjavík - íb. 208
Glæsileg 101 fm 4ra herb.
íbúð á 2. hæð í nýbygg.

- Eldhúsið opið og með eyju
- Glæsilega alrými með útgengt á suður svalir
- Sjónvarpshol
- Tvö svefnherbergi
- Afhendist án gólfefna
- Stæði í bílajakallara
- Sér geymsla
- Dýrahald leyfilegt í húsinu
- Afhending við kaupsamning

Verð: 86,9 millj.



NÝTT Í SÖLU

PANTÍÐ SKOÐUN
hjá Jasoni í síma 775 1515



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Hofakur 1

210 Garðabær

Falleg 118,9 fm 3ja herb.
íbúð á 1. hæð í lyftuhúsi

- Tvö svefnherbergi
- Úr stofu er útgengt á suðursvalir
- Sér þvottahús innan íbúðar
- Sérmerkt stæði í lokaðri bílageymslu
- Laus við kaupsamning

Verð: 79,9 millj.



BÓKÍÐ SKOÐUN
Í SÍMA: 775 1515

Reykjastræti 7 - íb. 412 101 Reykjavík

Glæsileg 130 fm íbúð á 4. hæð á einstökum stað í næsta nágrenni við Hörpu.

Verð: 161,9 millj.

- Glæsilegt alrými með stóru eldhúsi
- Baðherb. með sturtu og baði. Svefnherbergi með fataherbergi
- Útgengt er á tvennar svalir sem snúa í austur með útsýni til Hörpu og vestursvalir í inngarð. Sér stæði í bílajakallara

Nánari upplýsingar:

s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali



BÓKÍÐ SKOÐUN
Í SÍMA: 773 6000

Sjónarvegur 10 210 Garðabær

Einstaklega glæsilegt 247 fm endaraðhús innst í botnlanga við grænt svæði

Verð: 179,9 millj.

- Tvær útleigugeiningar með sérinngangi
- Eldhús í sérflokki með arabískum marmara. 3 svefnherbergi í aðalíbúð og þv.hús. Gólfhiti. Tvennar svalir, mikið útsýni
- Bílskúr 32,4 fm og afgirtur garður

Nánari upplýsingar:

s. 773 6000 **Þórunn Pálsdóttir** löggiltur fasteignasali



OPÍÐ
HÚS

fimmtudaginn
29. september
kl. 16.00 - 16.30

BÓKÍÐ SKOÐUN
Í SÍMA: 845 8958

Hallgerðargata 5 - íb. 206 105 Reykjavík

Glæsileg 141 fm endaíbúð með sjávarútsýni

Verð: 138 millj.

- Glæsilegt alrými með fallegar vandaðar hnotu innréttingar
- Hjónasvita með fataherbergi og baðherbergi
- 3 svefnherbergi, 2 baðherbergi, Geymsla 10,6 fm
- Tvennar svalir, suður svalir yfirbyggðar

Nánari upplýsingar:

s. 845 8958 **Jörunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali



OPÍÐ
HÚS

miðvikudaginn
28. september
kl. 17.30 - 18.00

BÓKÍÐ SKOÐUN
Í SÍMA: 845 8958

Arkarvogur 2 104 Reykjavík

Perla við Elliðarárvoginn, glæsileg 102,2 fm íbúð á 2. hæð

Verð: 86,9 millj.

- Eldhúsið opið og með eyju
- Glæsilega alrými með útgengt á suður svalir
- Tvö svefnherbergi. Sjónvarpshol. Afhendist með gólfefnum
- Stæði í bílageymslu. Sér geymsla. Dýrahald leyfilegt í húsinu

Nánari upplýsingar:

s. 845 8958 **Jörunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali



BÓKÍÐ SKOÐUN
Í SÍMA: 770 0500

Álfholt 26 221 Hafnarfjörður

Björt og falleg 170,7 fm íbúð með sérinngangi í tvíbýli með aukaíbúð í kjallara

Verð: 89,9 millj.

- 4ra til 5 herbergja, 107,3 fm íbúð á jarðhæð
- Þrjú svefnherbergi, eldhús, borðstofa og stofa með útgengi út á pall í vestur
- 2ja herbergja 63,4 fm íbúð í kjallara

Nánari upplýsingar:

s. 770 0500 **Íris Ama Geirsdóttir** löggiltur fasteignasali



BÓKÍÐ SKOÐUN
Í SÍMA: 775 1515

Vættaborgir 61 112 Reykjavík

Fallegt og vel skipulagt 156,3 fm parhús með stórum garði í Grafarvogi

Verð: 119 millj.

- 3 svefnherbergi, sjónvarpsherbergi
- Baðherbergi, þvottahús innan bílskúrs
- Bílskúr/geymsla
- Glæsilegur garður

Nánari upplýsingar:

s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali



NÝTT Í SÖLU

BÓKÍÐ SKOÐUN
Í SÍMA: 695 5520

Kjarrbraut 2A 801 Grímsnes

1,4 hektara eignarlóð í Vaðnesi

Verð: 8 millj.

- Heitt vatn og rafmagn við lóðarmörk
- Samkvæmt deiliskipulagi er leyfilegt að byggja allt að 100 fm hús ásamt útihúsi

Nánari upplýsingar:

s. 695 5520 **Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali



BÓKÍÐ SKOÐUN
Í SÍMA: 695 5520

Nönnubrunnur 1 113 Reykjavík

Glæsileg 142,4 fm 4ra herbergja íbúð á 2.hæð með suðursvölum í tíu íbúða lyftuhúsi.

Verð: 94,9 millj.

- Hjónaherbergi með fataherbergi inn af
- Tvö rúmgóð barnaherbergi
- Íbúðin er björt og stofurými ásamt eldhúsi mjög rúmgott.
- Stæði í bílageymslu fylgir.

Nánari upplýsingar:

s. 695 5520 **Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali



BÓKÍÐ SKOÐUN
Í SÍMA: 691 2312

Vesturbakki 3 og 5 815 Þorlákshöfn

Geymsluhúsnæði 65 fm, á besta stað við höfnina í Þorlákshöfn

Verð: 19,7 millj.

- Með innkeyslu og gönguhurð
- Malbikað plan umhverfis húsin
- Afhendist í des, 2022

Nánari upplýsingar:

s. 691 2312 **Óskar S. Axelsson** löggiltur fasteignasali





NÝTT Í SÖLU

OPÍÐ HÚS

í dag þriðjudag
27. september
kl. 17.30 - 18.00

Krummahólar 4

111 Reykjavík - íb. 302

Virkilega fallega 90,5 fm
3ja herb. íbúð á 3. hæð

- Rúmgóðar svalir / svalalokun
- Endurnýjað eldhús, bað, innihurðar, gólfefni og rafm.
- Gott viðhald að utan
- Þvottaherbergi á hæðinni
- Rúmgóð stofa og borðstofa
- Tvö svefnherbergi



Elin Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090
elin@miklaborg.is

Árni Davíð Borgs
aðst. fasteignasala
Sími: 625 2500
arni@miklaborg.is

Verð: 54,9 millj.



NÝTT Í SÖLU

OPÍÐ HÚS

miðvikudaginn
28. september
kl. 17.00 - 17.15

Eiðistorg 9

170 Seltjarnarnes

Sérlega falleg og mikið
endurnýjuð 110 fm íbúð
í góðu fjölbýli á Nesinu

- Tvö svefnherbergi
- Vinnu/svefn/sjónvarpsherb.
- Björt og rúmgóð stofa
- Svalir í norð-vestur með fallegu útsýni út á flóann
- Baðherbergi nýl. endurnýjað
- Sér geymsla í kjallara

Verð: 69,9 millj.



NÝTT Í SÖLU

OPÍÐ HÚS

í dag þriðjudag
27. september
kl. 12.00 - 12.30

Hjarðarhagi 32

107 Reykjavík

Glæsileg 3ja herbergja
74,4 fm íbúð

- Tvö svefnherbergi
- Sérmerkt staði á lóð
- Geymsla í kjallara
- Laus við kaupsamning

Verð: 57,9 millj.



NÝTT Í SÖLU

OPÍÐ HÚS

miðvikudaginn
28. september
kl. 17.30 - 18.00

Miklabraut 56

105 Reykjavík - íb. 201

Snyrtileg og björt 2ja herb.
58,4 fm íbúð á annarri hæð

- Fallegt útsýni að Klamratúni og suður svalir
- Skemmtilegt eldhús, svefnherbergi og stofa
- Hægt að nota stofu sem svefnherbergi
- Búið að endursteina, endurnýja gler, frárennsli og þak
- Sameiginlegur suður garður



Nánari upplýsingar veitir:
Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

Verð: 45,9 millj.



NÝTT Í SÖLU

OPÍÐ HÚS

í dag þriðjudag
27. september
kl. 16.30 - 17.00

Ástún 4

200 Kópavogur

Góð 3-4 herb. 95 fm íbúð
á 3. hæð m. suðursvölum
á góðum stað í Kópavogi

- Tvö svefnherbergi á svefnangangi mögulega þrjú skv. teikn.
- Rúmgóð stofa
- Suðursvalir
- Sérgeymsla í kjallara
- Laus við kaupsamning

Verð: 61,9 millj.



OPÍÐ HÚS

fimmtudaginn
29. september
kl. 17.30 - 18.00

Klukkuvellir 5

221 Hafnarfjörður - íb. 404

Glæsileg 3ja herbergja
80,2 fm íbúð á efstu
hæð 4. hæð

- Sérinnngangur af svölum
- Stofur og opið eldhús
- Útgent á svalir úr stofu
- Eldhús fallega innréttað
- Baðherbergi með sturtu
- Sér þvottahús innan íbúðar

Verð: 59,5 millj.



Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jonunn@miklaborg.is



OPÍÐ HÚS

miðvikudaginn
28. september
kl. 17.00 - 17.45

Aflagrandi 21

107 Reykjavík

Falleg og vel skipulögð
4ra herbergja 121,9 fm
endaíbúð með
suðursvölum

- Þrjú rúmgóð svefnherbergi
- Stórar og bjartar stofur með útgengi á suðursvalir
- Nýviðgert og málað litið fjölbýlishúsi

Verð: 92,5 millj.



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is



NÝTT Í SÖLU

Hallakur 2a

210 Garðabær

Falleg 3ja herb. 117 fm
útsýnisíbúð á 2. hæð

- Stofa og eldhús sem gengur í gegnum íbúðina
- Eldhús og stofu/ borðstofu í alrými
- Tvö rúmgóð svefnherbergi
- Baðherbergi og þvottahús
- Sér geymsla, rúmgóð 14,6 fm
- Svalir til vesturs með glæsilegu útsýni

Verð: 81,9 millj.



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is



NÝTT Í SÖLU

Álfhólsvegur 10

200 Kópavogur

Fallegt 203,5 fm raðhús,
tvær hæðir og kjallari

- Aðalhäð, stofa, eldhús, útgengi út í garð
- Efri hæð, þrjú svefnherbergi, og baðherbergi með þvotta.
- Tvær séríbúðir önnur í kjallara og hin í bílskúr
- Vel viðhaldið hús

Verð: 108,9 millj.



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Vegna mikillar sölu **vantar allar gerðir fasteigna til sölu, hafið samband við sölumenn okkar** bókið skoðun og **fáið frítt verðmat.**

569 7000 | Lág múla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

2.062 fm iðnaðar- og athafnahúsnæði á 23.000 fm lóð.

Atvinnuhúsnæði - áhugavert tækifæri.



Brautarhóll í Reykholti í Bláskógabyggð.

Miklir og fjölbreyttir notkunarmöguleikar á húsnæðinu, sem dæmi, iðnaður og framleiðsla, hverskyns matvælaframleiðsla t.d. lóðrétt ræktun, gagnaver, ferðaþjónustutengd starfsemi, geymslu og lagerhúsnæði o.s.fr. Jafnframt eru miklir stækkunarmöguleikar skv. gildandi deiliskipulagi. Stórt athafnasvæði utandyra.

Komi orkufrek starfsemi í húsið verða raforkunotendur í Reykholti skrefi nær í að verða skilgreindir stórnotendur og raforkuverð lækki um 40% (nánar í sölugögnum).

Húsið er límtréshús sem stendur á steiptum sökkli og gólfplötu. Í útveggjum og lofti eru yleiningar. Húsið var byggt í tveimur áföngum. Eldri hlutinn frá 1990 og yngri hlutinn frá 2002. Í húsinu er skrifstofa, starfsmannaaðstaða búningaklefar og salerni og milliloft þar sem er skrifstofa, kaffistofa, fundarsalur og lager. (Í húsinu var áður starfsemi Límtrés) Mænishæð hússins er 9,6 m og hæð útveggja 5,5 fm. Tvær stórar iðnaðarhurðar með fjarstýringu. Auðvelt að fjölga. Í húsinu er brúkrani sem gengur eftir endilöngu húsnæðinu og til hliðar.

Lóðin sem er leigulóð er 23.000 fm og nýtingarhlutfall 0,3-0,5 sem býður upp á stækkun húsnæðis um 4.000 - 9.500 fm. Veturinn 2022-23 verður húsnæðið notað sem vagnageymsla.

Verð 205.000.000 (99 þús. per. fm.)

Allar nánari upplýsingar veitir:

Snorri Sigurfinnsson löggiltur fasteignasali s 8648090 eða snorri@husfasteign.is



HÚS fasteignasala | Austurvegi 26, 800 Selfoss | www.husfasteign.is



Erum við að leita að þér?



Heilbrigt loft - heilbrigt heimili

- Betri loftgæði
- Rétt rakastig
- Minni líkur á myglusveppum
- Minna ryk
- Færri veirur og bakteríur
- Minna orkutap

Loftskiptikerfi

varmaendurvinnsla - loftsíun - loftskipti





Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um tillögur að breyttu deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Járnháls 2-4

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 24. ágúst 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 1. september 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 2-4 við Járnháls. Í breytingunni sem lögð er til felst að lóðinni er skipt upp í tvær lóðir. Kvöð um umferð er sett á lóðina fyrir umferð að Krókhálsi 3 (neðri hæð) ásamt því að ný lóðarlína er dregin í miðju þeirrar kvaðar og bætt við umferð að Krókhálsi 1 (neðri hæð). Byggingarreitir eru stækkaðir og nýtingarhlutfall hækkað ásamt því að kvaðir sem eru á mælilaði fyrir Járnháls 2-4 eru færðar inn á deiliskipulagsuppdrátt og ný aðkoma er gerð að lóð nr. 4. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Gullslétta 1

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 24. ágúst 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 1. september 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Esjumela vegna lóðarinnar nr. 1 við Gullsléttu. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að skipta upp lóðinni í fjórar lóðir, breyta byggingareitum, færa innkeyrslur til ásamt því að bæta einni við og hækka/samræma hæðina á húsunum óháð því hvort um veggahæð eða mænishæð er að ræða. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Klapparstígur 19

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 7. september 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 15. september 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skuggahverfis vegna lóðarinnar nr. 19 við Klapparstíg. Í breytingunni sem lögð er til felst að friðaður steinbær verður festur í sessi, varðveittur og gerður upp í samráði við Minjastofnun Íslands, heimilt verður að rífa einlyftar byggingar á baklóð og timburhús að Veghúsastíg 1 ásamt því að á tveimur byggingareitum er gert ráð fyrir sambyggðum húsum í tveimur röðum með mænispökum á hverri einingu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14, 1. hæð**, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá **27. september 2022 til og með 8. nóvember 2022**. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 8. nóvember 2022. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 27. september 2022
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is



Umhverfismat framkvæmda
Álit Skipulagsstofnunar

Ípróttasvæði Hauka á Ásvöllum í Hafnarfirði

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 111/2021. Álitð liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitð og umhverfismatsskýrslu Hafnarfjarðarbæjar er einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is.

SKIPULAGS- OG MATSLÝSING

Samgöngu- og þróunarsvæði Garðabæ
(Þróunarsvæði A og Hafnarfjarðarvegur)
Rammahluti aðalskipulags og deiliskipulagsáætlunar

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt skipulags- og matslýsingu fyrir gerð rammahluta aðalskipulags Garðabæjar og deiliskipulagsáætlunar fyrir þróunarsvæði A, skv. aðalskipulagi Garðabæjar, ásamt Hafnarfjarðarvegi milli bæjarmarka, skv. 30. gr. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Innan skipulagssvæðisins er Hafnarfjarðarvegur ásamt tengingum við Arnarnesveg, Vífilstaðaveg og Álftanesveg. Beggja vegna Hafnarfjarðarvegur eru íbúðarhverfi og vestan Hafnarfjarðarvegur er Lyngássvæðið, þar sem iðnaður og þjónusta hefur á undanföllum árum vikið að hluta til fyrir nýrri íbúðabyggingu. Austan Hafnarfjarðarvegur er m.a. miðsvæði Garðabæjar og ípróttasvæði. Stutt er í útivistarsvæði við Arnarnesveg og bæjargarð við Hraunsholtslæk.

Viðfangsefni skipulagsvinnunnar er m.a. að skilgreina nánar legu Borgarlínu og staðsetningu Borgarlínu-stöðva eftir Hafnarfjarðarvegi, fyrirkomulag þess hluta Hafnarfjarðarvegur sem fer í stökk, og uppbyggingu og þéttleika í nýjum bæjarkjarna og nálægum uppbyggingarsvæðum.

Fjallað verður um áhrif deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Lýsingin er aðgengileg á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is og í þjónustuveri Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ. Hægt er að skila inn ábendingum vegna lýsingarinnar á netfangið skipulag@gardabaer.is eða þjónustuver til og með 25. október 2022.



**Þátttakandi
í íslensku
atvinnulífi
í meira en**

50 ár

hagvangur.is



HAGVANGUR

Atvinnublaðið


— Mest lesna atvinnublað Íslands —





**FINNDU RÉTTA
STARFSKRAFTINN**

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



SJÁUMST Á RIFF!



R I F F 29 SEPT. - 09 OKT. 2022

Bílar & Farartæki



7/2022 óekin VW ID5 GTX 4x4 300 hö. rafmagnsbíll Eignum nokkra líti til afhendingar strax. 77 kWh batteri uppgefin drægni 493 km. Í vetur fellur niður ívilnun stjórnvalda á rafmagnsbíla. Nú er tækifæri að ná í bíl áður en þeir hækka um ca. 2 milljónir í verði! Verð núna: 8.590.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar



SPÁÍ Í SPIL OG KRISTALSKÚLU
MEÐ HJÁLPAÐ HANDAN
HEILUN

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTTI
S. 5574391

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálpa. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Til bygginga



NÝKOMIÐ BANKIRAI HARÐVIÐARPALLAEFNI 21X145MM VERÐ 1.950 KR METERINN

slétt beggja megin, ofnþurkað. Lengdir frá 2,44 upp í 5,50 metrar. Harðviður til húsbýgginga. Sjá nánar á vidur.is Vatnasklæðning 21x125mm, panill 10x85mm, útihurðir 5,4cmx210cmX80,90,100 Eurotec skrufur, Penofin og Armstrong Clark harðviðaroliur. Uppl. hjá Magnúsi í síma 660 0230, á magnus@vidur.is og frá kl 10-14 á Öseyrarbraut 2 Hafnarfirði.

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is



RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR

intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is



BJARG ÍBÚÐAFÉLAG ÓSKAR EFTIR SAMSTARFSADILUM VEGNA VIÐHALDS Á FASTEIGNUM FÉLAGSINS

Bjarg íbúðafélag er óskar eftir umsóknum verktaka til þátttöku í væntanlegum verðfyrirspurnum og vinnu gegn tímagjaldi vegna endurbóta, viðhaldsvinnu o.fl. í fasteignum Bjargs á eftirfarandi starfsviðum:

- Trésmíði - Almenn viðhaldsvinna utanhúss og innan
- Dúka/Teppalögn - Gólfdukalagnir, teppalögn og viðgerðir
- Múrverk/Steypuvinna - Almennar múrviðgerðir, flísalögn o.fl.
- Pípulagnir - Almenn viðhald og endurbætur
- Raflagnir - Almenn viðhald og endurbætur
- Blikksmíði - Loftræsikerfi, rennur og niðurföll, hreinsun loftstokka
- Járnsníði - Ýmiskonar sérsníði og viðgerðir
- Málun - Ýmis málningarvinna
- Þrif - Ýmiskonar þrif íbúða og sameigna í fasteignum o.fl.
- Jarðvinna - Ýmiskonar jarðvegsframkvæmdir
- Hellulagnir - Ýmsar hellulagnir og frágangur
- Garðyrkja - Umhirða og endurbætur á lóðum og opnum svæðum

Einungis þeir verktakar koma til greina, sem eru í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld og opinber gjöld. **Frekari kröfur um skilyrði** og nauðsynleg gögn koma fram á

umsóknareyðublaði á www.bjargibudafelag.is

Umsóknum skal skilað á netfangið sigurdur@bjargibudafelag.is




HAGBLIKK

Álpakrennur og niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt,
silvurgrátt og dökkrautt



Pakrennurnar eru frá GRÖNVIK VERK í Noregi
Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK

Smiðjuvegur 4C • 202 Kópavogur • Sími 587 2202 • hagblikk@hagblikk.is • hagblikk.is



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts okkar ástkæru

Guðbjargar Önnu Þorvarðardóttur
dýralæknis.

Sérstakar þakkir til starfsfólks blóð- og krabbameinsdeildar Landspítalans og til Dýralæknafélags Íslands.

Fyrir hönd systkina og annarra ástvina,
Juliette Marion



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Gyða Þórarinsdóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi föstudaginn 23. september.

Einar H. Guðmundsson

Alda Guðmundsdóttir

Eyjólfur Guðmundsson

Þórarinn G. Guðmundsson

Valborg Guðmundsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Kristófer V. Stefánsson

Nanna K. Guðmundsdóttir

Kristín Jónsdóttir

Þór Þráinsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Soffía Jensdóttir

hjúkrunarfræðingur, Ljarskógum 12, Reykjavík,

andaðist á Landakoti miðvikudaginn 21. september.

Útför hennar fer fram frá Áskirkju miðvikudaginn 5. október klukkan 13.

Jóna Freysdóttir

Ásta Sóllilja Freysdóttir

Stefán Freyr Michaelsson

Anton Alexander og Hendrik Hafsteinn

Ásmundur Eiríksson

Michael Johnston

Pálína Pálsdóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utfarin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



Freyr byrjaði að safna seðlum árið 1960.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Aldarafmæli íslenska klinksins

Hundrað ár eru frá því að 10 og 25 aura íslenskir peningar voru gefnir út í sleginni mynt.

arnartomas@frettabladid.is

Í dag eru liðin hundrað ár frá því að fyrsta íslenska slegna myntin fór í dreifingu hér á landi. Það voru 10 og 25 aura peningar en það var ekki fyrr en þremur árum síðar sem fyrsti krónupeningurinn var sleginn.

„Við notuðum auðvitað norræna mynt þar á undan, aðallega danska en líka norska og sænska, alveg frá árinu 1870,“ segir Freyr Jóhannesson myntsafnari um peningaumhverfið á Íslandi fyrir tilkomu klinksins.

Aðalkaflaskilin í íslenskri myntsögu telur Freyr að hafi verið árið 1886 þegar fyrstu alíslensku seðlarnir voru gefnir út.

„Áður notuðum við dansk-íslenska seðla sem voru með danskan texta á framhliðinni en íslenskan á bakhliðinni,“ útskýrir hann. „Þeir voru fyrst gefnir út í kringum árið 1777.“

Sögulegir seðlar

Sjálfur á Freyr veglegt safn af peningum, hvort sem um er að ræða seðla eða slegna mynt. Hann byrjaði sjálfur að safna í kringum árið 1960 þegar hann komst yfir íslenska seðla frá Landsbanka Íslands – Seðlabankanum, fyrirrennara Seðlabankans sem við þekkjum í dag.

„Það eru margir seðlar sem eru í miklu uppáhaldi hjá mér,“ svarar Freyr spurður um hvort eitthvað stangi upp úr í safni hans. „Fyrsti íslenski seðillinn, svo er ég með dansk-íslenskan sem var gefinn út af danska ríkisbankanum 1815. Hann er auðvitað mjög merkilegur seðill því



Fyrsti seðillinn sem var sérstaklega gefinn út fyrir Íslendinga árið 1815 af Danska Ríkisbankanum.



Fyrsta klinkið, 10 og 25 aurar í sleginni mynt.

hann var sá fyrsti sem var sérstaklega prentaður fyrir Ísland.“

Lætur rafmyntina eiga sig

Myntsafnarafélag Íslands var stofnað árið 1969 og er vettvangur þeirra sem safna og vilja fræðast um íslenska og erlenda gjaldmiðla, minnispeninga og aðra sambærilega, sögulega hluti.

„Þetta er nokkuð góður hópur, það hafa verið einhver 200-300 manns í

félaginu nánast frá upphafi og til dagsins í dag, þótt það hafi verið einhverjar sveiflur á því,“ segir Freyr. „Á síðustu árum hafa þó nokkuð margir gengið í félagið. Það hefur ekki fækkað í félaginu eins og við höfum séð erlendis.“

Þið eruð ekkert byrjaðir að safna rafmyntinni?

„Nei, það er svolítið erfitt,“ segir Freyr og hlær. „En það er til kreditkortasafn, veit ég.“ ■

Má bjóða þér blað dagsins?

Frítt




Þú finnur Fréttablað dagsins

- Í aldreifingu á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri
- Í öllum verslunum Bónus
- Í Fréttablaðs-appinu
- Með skráningu á póstlista
- Á frettabladid.is

QR flýtilausn fyrir stafrenar útgáfur



Opnaðu myndavélina í símanum
og skannaðu QR kóðann



Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Matur og heimili Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 19.30 Undir yfirborðið Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
- 20.00 Þjóðleikhúsið í 70 ár - þáttur 3 af 3 (e) Stórafmælis Þjóðleikhússins minnst í máli, myndum og upprifjun leikhússfólksins.
- 20.30 Fréttavaktin (e)
- 21.00 Matur og heimili (e)

Sjónvarp Símans

- 12.00 Dr. Phil
- 12.45 The Late Late Show
- 13.30 Love Island (US)
- 14.30 Amazing Hotels. Life Beyond the Lobby
- 15.25 The Block
- 17.00 90210
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 Love Island (US)
- 20.10 A Million Little Things
- 21.00 Bull
- 21.50 Evil
- 22.40 The Chi
- 23.40 The Late Late Show
- 00.25 Love Island (US)
- 01.15 FBI. International
- 02.00 Chicago Med
- 02.30 Transplant
- 03.15 Yellowjackets
- 04.15 Queen of the South

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn
- 08.20 Skreytum hús
- 08.35 The Mentalist
- 09.00 Bold and the Beautiful
- 09.35 Jamie's Easy Meals for Every Day
- 10.00 Impractical Jokers
- 10.20 Best Room Wins
- 11.00 Ireland's Got Talent
- 11.45 Þetta reddast
- 12.10 30 Rock
- 12.10 Nágrannar
- 12.55 The Great British Bake Off
- 14.00 Grey's Anatomy
- 14.40 Supergirl
- 15.25 The Masked Singer
- 16.30 LXS
- 16.55 Schitt's Creek
- 17.35 Bold and the Beautiful
- 18.00 Nágrannar
- 18.27 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakkinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Shark Tank
- 19.10 Hell's Kitchen
- 20.40 Last Man Standing
- 21.00 The Goldbergs
- 21.25 Bump Grátblaslegir ástralskir dramabættir. Líf tveggja fjölskyldna flækist allverulega þegar unglingar eignast óvænt barn saman.
- 22.00 I'm Coming
- 22.15 Last Week Tonight
- 22.45 Unforgettable
- 23.25 Monarch
- 00.10 Swimming with Sharks
- 00.35 Prodigal Son
- 01.15 Silent Witness
- 02.10 The Mentalist
- 02.50 Jamie's Easy Meals for Every Day
- 03.15 30 Rock

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.30 Útsvar 2014-2015 Borgarbyggð - Skagaströnd.
- 14.35 Fyrir alla muni Karfa Fjalla-Eyvindar.
- 15.05 92 á stöðinni
- 15.25 Ofurhundurinn minn
- 15.55 Með okkar augum
- 16.40 Menningarvikan
- 17.00 Íslendingar Tómas Guðmundsson.
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Bakað í myrkri
- 18.30 Litlir uppfinningamenn
- 18.38 Bitið, brennt og stungið
- 18.45 Krakkafréttir
- 18.50 Lag dagsins Benni Hemm Hemm - 3000.
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.00 Vertu sæll, pabbi. Heilabilun í fjölskyldunni Dönsk heimildarmynd frá 2021. Í meira en fjögur ár hefur Kasper fylgst með föður sínum sem þjáist af heilabilun. Sjúkdómurinn breytir flestu og fer með alla fjölskylduna í ferðalag sem tekur stöðugt óvænta stefnu.
- 21.05 Hálf tón og eldhús 1/2 rum och kök
- 21.35 Heimurinn er minn
- 22.00 Tiufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Blóð Blood
- 23.10 Eldflaugasumar Summer of Rockets
- 00.00 Dagskrárlok

Sjávarsamfélagið í Vestmannaeyjum

Sjónvarpsþátturinn Matur og heimili verður að vanda á dagskrá Hringbrautar í kvöld, en að þessu sinni leggur Sjöfn Þórðar leið sína til Vestmannaeyja á sjávarréttahátíðina Matey sem haldin var í fyrsta skipti. Á hátíðinni var vakin athygli á menningararfleifðinni og fiskinum sem framleiddur er í Eyjum. Þetta er fyrri hluti þáttarins um Matey. ■



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

- LÁRÉTT**
 1 hjálpartæki
 5 herma
 6 íþróttafélag
 8 dýrabogi
 10 rykögn
 11 gyðja
 12 aldinlögur
 13 málmur
 15 trega
 17 sefa

- LÓÐRÉTT**
 1 nagdýr
 2 hljóðar
 3 frostsár
 4 dren
 7 meðhöndla
 9 deyfð
 12 hrikt
 14 geil
 16 til

LÁRÉTT: 1 hækja, 5 apa, 6 fh, 8 gildra, 10 ar, 11 rán, 12 must, 13 uran, 15 sorgar, 17 fríða. LÓÐRÉTT: 1 hægarnús, 2 æpir, 3 kal, 4 áfrás, 7 hantera, 9 drungi, 12 marr, 14 rof, 16 að.

Sudoku

		6	1		7		3	8
				2				
8	4						5	
			7					
5			3	6	1	9	4	
2		1		8				7
		5	2		4	3		9
1	2		6			4	8	5
						1	2	

			3	8		7		5
9	4		1			2		
	8			2				
2						9		1
7	6						5	
1			4					
	9	5					6	3
4	6							
				4	8			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli



Ég er búinn að sætta mig við það að stundum missi ég marks! En þegar fætur mínir komast ekki í snertingu við hnéskeljar og karlmannlegt brjós, þá hverfur mikið af gleðinni við þennan leik! Segðu!



Undir YFIRBORÐIÐ

UNDIR YFIRBORÐIÐ

ÞRIÐJUDAGA KL. 19.30 OG AFTUR KL. 21.30

Nýstárlegir og spennandi þættir um mannlega möguleika, persónulega færni, sálarlíf og hamingju.



HRINGBRAUT



Sigrún Edda Björnsdóttir fer með hlutverk ekkjunnar Sigprúðar í sýningunni Á eigin vegum. Um er að ræða fyrsta einleik Sigrúnar á fjörutíu ára ferli.

MYND/GRÍMUR BJARNASON

LEIKHÚS

Á eigin vegum
Kristín Steinsdóttir
Borgarleikhúsið
Leikgerð: Marianna Clara
 Lúthersdóttir og Salka
 Guðmundsdóttir

Leikstjóri: Stefán Jónsson

Leikari: Sigrún Edda Björnsdóttir

Leikmynd og myndbönd: Egill
 Sæbjörnsson

Búningar: Stefania Adolfsdóttir

Tónlist og hljóðmynd: Sóley

Stefánsdóttir

Lýsing: Pálmi Jónsson

Hljóðmynd: Þorbjörn

Steingrímsson

Leikgervi: Guðbjörg Ívarsdóttir

Sigríður Jónsdóttir

Sigprúður Kristbjörg Ólafsdóttir. Ekkja, blaðberi og boðflenna í jarðarförum. Hún drekkur þunnt kaffi í erfidrykkjum ókunnugra, leggur dóm á bakkelsið, gætir þess að láta sig hverfa áður en ættingjarnir koma og skrifar alltaf í gestabókina. Þessi kona á stærra innra líf en flest- an grunar. Á eigin vegum var frumsýnd á Litla sviði Borgarleikhússins föstudaginn 16. september. Leikgerð skáldsögu Kristínar Steinsdóttur er í höndum Mariönnu Clöru Lúthersdóttur og Sólku Guðmundsdóttur.

Sögulega eru konur eins og Sigprúður ekki aðalpersónur í bókmenntum eða leikritum heldur aukapersónur, aðallega í sögum karlmanna. Hvað þá fjölskyldulausar verkakonur úr sveit. Konur sem standa sína plikt, mæta alltaf á

Að vera sjálfri sér nóg

réttum tíma, harka af sér í hljóði og láta lítið fyrir sér fara. Áhorfendur eru samtímis óvæntir gestir í lífi Sigprúðar og vitni að framburði hennar. Fortíðin ásækir ekki Sigprúði heldur er stöðugt í kringum hana, minningar um liðna tíð, áföll og þá fáu sem voru henni góðir. Marianna Clara og Salka umskrifu skáldsögu Kristínar af virðingu og aðlaga fyrir leiksviðið. Finar lausnir á flestum stöðum en nokkrir þræðir eru losaralegir, samskipti Sigprúðar við föður sinn og faderni afa hennar sem dæmi.

Framúrskarandi aðalleikkona

Sigrún Edda Björnsdóttir heldur áhorfendum í löfa sér enda framúrskarandi leikkona. Hún fyllir Sigprúði lífi með tilfinningalegum blæbrigðum og litlum hreyfingum sem birtast oft í einföldum endurtekn- ingum. Hver hreyfing er nákvæm, að taka af sér er ekki gert með hraði heldur hversdagslegum hátíðleika. Sigprúður tekur kápuna af herðunum, leggur á videigandi snaga, höfuðfatið fylgir og síðan er dustað af sér. Lífið er samansafn af slíkum augnablikum. Þögnin er yfirþyrmandi í hennar lífi, sjaldan óþægileg þó stundum sár. Þetta gerir Sigrún Edda af sinni einstöku natni, örugg

í sinni reynslu og sviðsframkomu.

Á eigin vegum er öðruvísi áskorun fyrir leikstjóran Stefán Jónsson og algjör viðsnúningur frá síðasta verkefni hans, Sjö ævintýrum um skömm í Þjóðleikhúsinu. Hann nálgast verkefnið af nærgætni, leyfir sögu Sigprúðar að njóta sín og treystir Sigrúnu Eddu til að koma sögunni til skila. Einstaka senur ganga ekki upp eins og myrki blaðburðurinn sem tónar illa við heildina. Einfaldar lausnir eins og þegar Sigprúður stígur á milli heima í gegnum dyrnar framkalla hversdagslega töfra á snjallan máta.

Draumar spyrja ekki um stærð

Einfaldleikinn er reyndar áberandi í öllum listrænum ákvörðunum í leiksýningunni. Myndlistar- og tónlistarmaðurinn Egill Sæbjörnsson er skapandi aflið á bak við litríka og leiftrandi leikmyndina. Heimsmynd Sigprúðar er alls ekki barnaleg, heldur dregur hún upp fallegar myndir til að takast á við raunveruleikann. Útfærsla Egils er framúrskarandi fyrir utan andlit fortíðarinnar sem birtast á veggjum kjallaraíbúðarinnar, andlitsdrættirnir eru klunnalegir og munnhreyfingarnar misheppnaðar. Stefania Adolfsdóttir klæðir

”

Sögulega eru konur eins og Sigprúður ekki aðalpersónur í bókmenntum eða leikritum heldur aukapersónur, aðallega í sögum karlmanna.

Sigríður Jónsdóttir

Sigprúði látlaust en laglega og Sóley Stefánsdóttir skreytir þögnina með fögrum tónum.

Allir vegir enda í París. Árið 2006 kom út ameríska stuttmyndin 14e Arrondissement skrifuð og leikstýrt af Alexander Payne með hinni stórkostlegu karakterleikkonu Margo Martindale í aðalhlutverki. Þessi stutta mynd er kjörin viðbót við þetta ljúfsára kvöld í Borgarleikhúsinu enda umhverfast bæði verkin um drauma kvenna sem eru kannski litlir en skipta öllu máli fyrir konurnar sem eiga þá. Á eigin vegum er áminning um að allir eiga sér fortíð, allir eiga sér drauma og allir skipta máli. Sumir draumar eru kannski smáir en þrá spyr ekki um stærð. ■

NIÐURSTAÐA: Lítil saga verkakonu með stórt hjarta göldruð fram af einni bestu leikkonu landsins.



Ólöf Sværissdóttir og Ólafur Guðmundsson hafa starfrækt leiklistarskólann Opnar dyr í rúm ellefu ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Leiklistarskólinn Opnar dyr með ný námskeið

tsh@frettabladid.is

Leikararnir og leiklistarkennararnir Ólöf Sværissdóttir og Ólafur Guðmundsson hafa starfrækt leiklistarskólann Opnar dyr í rúm ellefu ár. Að þeirra sögn hefur fjöldi fólks komið á námskeið hjá þeim sem hafa hjálpað fólki persónulega og í starfi. Þau ætla að halda ný námskeið í haust og mun það fyrsta hefjast í dag.

„Okkur fannst hreinlega vanta svona námskeið þar sem fullorðnir fengu tækifæri til að læra leiklist og í leiðinni að þroska sig og efla sjálfs- traust í gegnum skemmtilegar leiklistaræfingar og spuna,“ segja þau Ólöf og Ólafur.

”

Okkur fannst hreinlega vanta svona námskeið þar sem fullorðnir fengu tækifæri til að læra leiklist og í leiðinni að þroska sig og efla sjálfs- traust.

Markmið leiklistarskólans Opnar dyr er að gefa fullorðnu fólki tækifæri til að kynna leikrænni tjáningu í afslöppuðu og öruggu umhverfi. Leiklistarnámskeiðið býður upp á skapandi leiklist og sjálfsstyrkingu. Námskeiðin eru ætluð þeim sem vilja skemmta sér, losa um hömlur, eflast og fá útrás fyrir sköpunargleðina í spuna og leik.

Að sögn Ólafar og Ólafs hafa allir þörf fyrir að tjá sig og efla leikræna hæfileika sína. Þau bjóða því upp á skemmtilegar æfingar sem opna fyrir sköpunarflæði og ímynd- unarafl og gefa fólki tækifæri til að þroska sjálfsöruggið á skapandi hátt. Þau segja námskeiðið henta öllum sem vilja tjá sig af öryggi hvort sem er í starfi eða leik.

Nánari upplýsingar um námskeiðin má finna á vefsíðunni opnar-dyr.com. ■

Jesús sagði:

„Ef þér trúist ekki að ég sé sá sem ég er munuð þér deyta í syndum yðar.“

Jóh. 8.24

biblián.is

Bókamessan í Gautaborg haldin með glæsibrag

tsh@frettabladid.is

Bókamessan í Gautaborg, sem er stærsti bókmenntaviðburðurinn á Norðurlöndunum, var haldin með glæsibrag í síðustu viku. Messan laðaði að sér mikinn fjölda gesta sem þyrsti orðið í að heyra og sjá rit- höfundu og kynna sér nýjar bækur en alls heimsóttu um 90 þúsund manns hana.

Meðal þema hátíðarinnar í ár voru loftslagsmál og flutti aðgerðasinninn Greta Thunberg ávörp og tók þátt í samræðum. Heiðurslandið að þessu sinni var Suður-Afríka.

„Það var einstaklega ánægjulegt að fá aftur tækifæri til að hitta áhuga- sama lesendur íslenskra verka í Gautaborg – og geta kynnt þeim fjölbreyttar nýlegar þýðingar íslenskra bóka á sænsku,“ segir Hrefna



Einar Káason og þýðandinn John Swedenmark ræddu bókina Pung ský sem kom nýlega út á sænsku.

MYND/ADSEND

Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri Miðstöðvar íslenskra bókmennta.

Ríthöfundarnir Einar Káason og Guðrún Eva Mínervudóttir tóku þátt í ýmsum viðburðum og fjöll- uðu um bækur sínar, sagnahefð, Sturlungaöldina og árituðu bækur sínar. Ásamt þeim komu fram Auður Magnúsdóttir, prófessor í sagnfræði við Gautaborgarháskóla, og sænski þýðandinn John Swedenmark.

Miðstöð íslenskra bókmennta hefur tekið þátt í messunni um árabíl og verið með bás í samstarfi við Íslandsstofu. Á básnum kynntu Hrefna Haraldsdóttir framkvæmdastjóri og Guðrún Baldvinsdóttir verkefnastjóri gestum íslenskar bókmenntir og héldu fundi með útgef- endum og umboðsmönnum. Einnig bauð sendiherra Íslands í Svíþjóð til móttöku í básnum. ■



Hlynur á hátíðinni um helgina.

MYND/PABLO GÓMEZ

Volaða land fékk verðlaun á Spáni

toti@frettabladid.is

Volaða land, nýjasta kvikmynd leikstjórans Hlyns Pálmasonar, heldur áfram að heilla í útlöndum og hefur nú unnið til sinna fyrstu verðlauna, Zabaltegi-Tabakalerverðlaunanna á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í San Sebastian á Spáni.

Hlynur tók við verðlauninum við hátíðlega athöfn um helgina á hátíðinni sem var haldin í 70. sinn og er meðal virtustu hátíða í heimi og ein fátta svokallaðra A-hátíða.

Hlynur átti sæti í aðaldómnefnd hátíðarinnar auk þess sem svo skemmtilega vildi til að hann keppti við sjálfan sig í opnum keppnisflokkum með tveimur nýjstu myndunum sínum; stuttmyndinni Hreiður og Volaða landi.

Volaða Land var heimsfrumsýnd við góðar undirtektir í Un Certain Regard-flokknum á kvikmyndahátíðinni í Cannes í maí og þá sagði framleiðandinn Anton Máni Svansson þetta við Fréttablaðið: „Við vissum að við værum með mjög einstaka mynd í höndunum, en það er alltaf jafn spennandi að sjá hvernig fólk bregst við og við hefðum ekki getað ímyndað okkur betri viðtökur.“

Síðan þá hefur hún verið seld til yfir 40 landa og verið valin til sýninga á fjölda virtra hátíða á borð við Karlovy Vary í Tékklandi, alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í Toronto, Telluride-hátíðina í Colorado og BFI-hátíðina í London.

Þá hefur myndin verið tilnefnd til Kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs í ár og er nú í forvali til Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna sem veitt verða í Reykjavík í desember. Ráðgert er síðan að frumsýna myndina á Íslandi skömmu síðar, þann 13. janúar 2023.

Volaða land fjallar um ungan danskan prest sem ferðast til Íslands undir lok 19. aldar með það að markmiði að reisa kirkju og ljósmynda íbúa eyjunnar á för sinni. Elliott Crosset Hove fer með aðalhlutverk og Ingvar Sigurðsson fer með hlutverk sérvitur leiðsögumans, sem leiðir prestinn í gegnum harðneskjulegt landið á hestbaki ásamt hópi heimamanna. ■



Ingvar leikur sérvitring í myndinni.



Hafliði lagði stund á teikningu við Myndlistaskólann í Reykjavík og myndlist í Hong Kong og Hollandi. Hann hefur starfað sem verkefnastjóri á Alþjóðasviði Háskóla Íslands frá því hann flutti með fjölskyldunni heim til Íslands 2014.

MYND/KRISTINN INGVARSSON

Kvöldsaga í fegurð Þakgils varð að barnabók

Barnabókin Marísól og sjóflugvélin er samstarfsverkefni feðganna Hafliða Sævarssonar og Ýmis H. García. Sagan varð til þegar Hafliði þurfti að svæfa son sinn í tjaldútilegu í Þakgili fyrir margt löngu og þegar texti og skissur lágu fyrir kom það í hlut Ýmis að gæða teikningar föður síns lífi í anda Tinna-bókanna og austrænnar litagleði.

toti@frettabladid.is

Marísól og sjóflugvélin er myndskreytt spennusaga ætluð fjögurra til tólf ára börnum eftir Hafliða Sævarsson. Sagan varð til þegar hann vantaði kvöldsögu fyrir son sinn, Ými H. García, í tjaldútilegu í Þakgili og eftir að hún tók á sig skýrari mynd ákvað hann að búa hana til útgáfu.

„Atburðarásin magnast í hverjum kafla og fallegar litmyndir halda lesendum og hlustendum vel við efnið,“ segir Hafliði sem lagði sjálfur drögin að myndskreytingunum undir listamannsnafninu Hafú og fékk Ými, sem nú er orðinn þrettán ára, til að gæða skissur sínar lífi.

Hafliði talar um feðgasamstarf í þessu sambandi enda má segja að með bókinni loki þeir hring sem Hafliði opnaði í tjaldi í Þakgili þegar Ýmir var sjö ára.

„Þá þurfti ég að koma honum í svefn í útilegu í Þakgili og var náttúrulega ekki með neina bók eða neitt svoleiðis en þetta fallega umhverfi í Þakgili veitti mér bara einhvern veginn svo mikinn innblástur að ég náði að spinna svona frekar flókna sögu um það hvernig vinskapur getur myndast milli manneskju og villtra dýra.“

Af pappír á spjaldtölvu

Hafliði segir þessa kvöldstund kveikjuna að útgáfunni ásamt skáldadraumum hans sem hann taldi geta ræst með því að koma kvöldsögunni úr Þakgili á prent.

„Þetta er barnasaga og frekar flókinn sem slík og fer yfir víðan völl á 120 blaðsíðum. Þetta var í rauninni mitt þriðja handrit en ég taldi mig geta



Þetta er hugsað svipað og Tinni og teikningararnar eru í Tinna-stílnum þótt þetta sé að vísu skáldsaga.

rammað hana inn og gert útgáfuhæfa,“ segir Hafliði um ástæður þess að Marísól og sjóflugvélin varð fyrsta bókinn sem hann gefur út.

Þegar handritið var tilbúið og Hafliði byrjaður að skissa myndirnar kom Ýmir, orðinn nokkru eldri, aftur að sögunni. „Þá var hann orðinn nógu gamall til þess að hjálpa mér að klára myndskreytingarnar,“ segir Hafliði sem rissaði myndirnar upp með blýanti á stóran A3-pappír áður en Ýmir tók við.

„Þær voru rosalega einfaldar hjá mér og hann skissaði þær síðan upp í stórra spjaldtölvu og setti inn liti,“ heldur Hafliði áfram og víkur að skemmtilegum listrænum ágreiningi þeirra feðga.

Bleikt og brútt

„Það er hluttur í sögunni, áhald með yfirnáttúruleg einkenni, sem í sögunni er mörgum sinnum minnst á að eigi að vera bleikt en honum fannst það ekki nógu flott þannig að einhvern tímann þegar allar myndirnar voru tilbúnar og ég var að fara yfir tók ég eftir að hann var búinn að gera þennan hlut ljósbrúnan.“


Þá var hann ekkert allt of vel að sér í sögunni sjálfri og farinn að breyta litum og smáatriðum út af því að honum fannst það flottara,“ segir Hafliði sem þurfti því að fara vandlega yfir þetta allt saman til þess að gæta samræmis milli mynda og texta. Og textinn fékk að ráða og bleiki liturinn sneri aftur.

Hafliði segir myndskreytingarnar byggja á svipaðri hugmyndafræði og Tinna-bækurnar og austrænni litagleði sem þeir feðgar eiga ekki langt að sækja. Hafliði fór átján ára gamall í nám til Hong Kong. Hann bjó síðan um langt árabíl í Asíu og



Feðgarnir Ýmir og Hafliði eru á góðri siglingu.

MYND/ADSEND



Marísól og sjóflugvélin

Þegar mamma hennar Marísólur lýkur störfum á hitabeltiseyju í Karíbahafinu þarf fjölskyldan að fljúga heim í sjóflugvél. Marísól er leið yfir því að þurfa yfirgefa eyna og besta vín sinn þar, Orlandó hliðvörð. Hann gefur henni ógleymanlega kveðjugjöf.

Allt virðist ganga að óskum þar til óvænt vanda-mál kemur upp. Marísól og foreldrar hennar verða að nauðlenda á hafi úti og leita annarra leiða til að komast heim. Fleiri óvænt skakka-föll fylgja í kjölfarið og það reynir mjög á útsjónarsemi Marísólur og hæfileika hennar til að vingast við menn, dýr og vættir.

Hún lendir í ávintýrlegum aðstæðum og oft munar mjóu á því hvort hlyldýpið hafi yfirhöndina eða Marísól sigri náttúruöflin.

Ýmir fæddist í Sjanghaí árið 2008 og eyddi fyrstu fimm árum ævi sinnar þar og í Peking áður en fjölskyldan flutti til Íslands 2014.

Andi Tinna á sveimi

„Ég er í rauninni búinn að leggja drög að annarri sögu í þessari seríu og svo er annað handrit, sem er sakamálasaga, komið vel á veg,“ segir Hafliði þegar hann er spurður út í nánustu framtíð hans sem rit höfundar. Þá áreftar hann að næsta bók um Marísól sé ekki beint framhald þeirrar fyrstu enda liti hann á hverja bók sem einstakt ævintýri.

„Þetta er hugsað svipað og Tinni og teikningarnar eru í Tinna-stílnum þótt þetta sé að vísu skáldsaga. Sagan er yfirnáttúruleg sem Tinna-bækurnar voru náttúrulega ekki en sami andi svífur samt þarna yfir vötnum og hugmyndafræðin á bak við teikningarnar er sú sama.“

Litapalletta Pókeomonanna

Hafliði tekur fram að enginn skortur sé á hæfum myndskreyturum en honum finnst þó myndir í barnabókum oft annað hvort rosalega stíliseradar eða áberandi mikið í fallegum pastellitum.

„Tinnabækurnar voru bara mjög einfaldar myndir með sterkum æpandi litum og þú tengdir bara við það. Þegar Tinni var á einhverri eldfjallaeyju þá var eldfjallið bara svart og rautt.“

Hafliði segir þá feðga lúta sömu lögmálum æpandi lita. „Ég bjó í Asíu í mörg ár og þar eru alltaf miklu sterkari litir í öllu svona barnaefni. Hvort sem það er Hello Kitty, Pókeomon eða hvað sem er,“ segir Hafliði og bætir við að hann tengi við þetta sama yfir eigin barnæsku. „Mér finnst einhvern veginn að litir í myndabókum fyrir börn eigi að vera sterkari heldur en einhver svona norræn dramatík.“ ■

HAFÐU AKU MEÐ Í VALINU



AKU skórnir
eru framleiddir
á Ítalíu úr 100%
evrópskum íhlutum
og efnum

Superalp GTX

42.990 kr.

Aukin mýkt við ökkla



Gore-Tex filma,
100% vatnsvörn

2mm gúmmíborði
(grjótvörn) sem hentar
vel í íslensku hraunlendi

Dempun

IMS: Kerfi sem gefur
aukna mýkt niður í sólann

AKU Exoskeleton,
innan- og utanfótarstuðningur

Náttúruvænt hágæða
leður, LWG vottað

Reimalæsing, sithvor
stillingin fyrir rist og ökkla

Rúllukefli sem heldur
jafnri spennu á reimum

2,6mm eka ítalskt
Nubuck leður

Custom fit innlegg

Vibram sóli

Stingum af...



AKU Alterra GTX ♂
Gönguskór með góðan stuðning
35.990 kr.



AKU Alterra GTX ♀
Gönguskór með góðan stuðning
35.990 kr.



AKU Tribute II GTX ♂♀
Léttir og liprir gönguskór
28.990 kr.

GG SPORT



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

 @ggsport.is  @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-15



AMERÍSKIR DAGAR

LÝKUR Á FÖSTUDAG

KENNEDY

3ja sæta sófi. Ljóst áklæði. Einstaklega mjúkur og þægilegur.

223.992 kr. 279.990 kr.

20% AFSLÁTTUR



LARKINHURST

Notalegt sófasett í eka amerískum stíl

3ja sæta sófi. 226 x 99 x 96 cm. 191.992 kr. 239.990 kr.

2ja sæta sófi. 168 x 99 x 96 cm. 167.992 kr. 209.990 kr.



PINNACLE

Hægindastóll með sveið á hlið sem leggur stólinn aftur og lyftir um leið fótsemli.

151.992 kr. 189.990 kr.



HARBOUR TOWN

Rafdrifinn hægindastóll með bólstruðum viðarörmmum. Þessi hjálpar þér að standa á fætur.

159.992 kr. 199.990 kr.



CLARKSTON

Einstaklega notalegur 3ja sæta sófi. Sveif á hlið leggur sæti aftur og lyftir um leið upp fótaskemli. 229 x 104 x 104 cm.

351.992 kr. 439.990 kr.

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

**HÚSGAGNA
HÖLLIN**

www.husgagnahollin.is

Sími: 558 1100



Mýkt og hlýju beitt gegn stökkbreyttu BRCA-geninu

Stökkbreyting í BRCA-geni er algeng í fjölskyldu Rakelar Óskar Þórhallsdóttur, eiganda tiskuverzlunarinnar Central. Hún hannaði og seldi kasmírullartrefil sem skilaði Bleiku slaufunni tæpum 2 milljónum í fyrra og stefnir á að gera enn betur í ár með ullarhúfu í sama stíl.

toti@frettabladid.is

„Fjölskyldan mín er öll að kljást við stökkbreytingu í BRCA,“ segir Rakei Ósk Þórhallsdóttir, eigandi tiskuverzlunarinnar Central, sem ætlar í samstarfi við Krabbameinsfélagið að leggja söfnunarátaki Bleiku slaufunnar lið annað árið í röð, nú með kasmírullarhúfum sem hún hannaði sjálf.

„Ég komst að þessu í fyrra þegar ég hringdi í Íslenska erfðagreiningu og spurði hvort amma og afi hefðu verið með þessa stökkbreytingu. Þau eru dái þannig að það var ekki persónuvernd á þessu þannig að ég fékk að vita að þau hefðu verið með þetta. Þá sendi ég bara SMS á línuna, öll systkini mómmu og bað þau um að láta athuga þetta fyrir okkur barnabörnin og það kom í ljós að sjó eru með BRCA.“

Rakei segir að þarna hafi komið skýring á því að þrjú systkina móður hennar höfðu fengið krabbamein fyrir fimm-

”

Ég komst að þessu í fyrra þegar ég hringdi í Íslenska erfðagreiningu og spurði hvort amma og afi hefðu verið með þessa stökkbreytingu.

tugt án þess að hafa hugmynd um stökkbreytinguna. „Mér fannst ekki annað koma til greina en að láta athuga þetta og þau voru mjög glöð og þakklát vegna þess að það eru ekkert allir sem hefðu gert þetta.“

Sjúklega hlý blanda

Með nýfengna vitneskju um þennan áhættuþátt í erfðum fjölskyldu sinnar ákvað Rakei að hún vildi ekki láta sitt eftir liggja til eflingar Krabbameinsféluginu og fannst þá liggja beinast við að nýta þekkingu sína og reynslu úr tiskurheiminum.

„Þannig að ég hannaði trefilinn undir merkinu mínu ROYAL.B,“ segir Rakei og leggur mikla áherslu á að hún sé þó ekki hönnuður þótt hún eigi fatabúð. „En ég er búin að vera með ástríðu fyrir þessu alla tíð og búin að vinna við þetta frá því ég var sautján ára þannig að það kom ekkert annað til greina.“


Rakei segist hafa lagt mikið upp úr gæðum og notagildi en húfan kostar 8.900 krónur og helmingurinn af öllum ágóða af sölu hennar, eins og trefilsins, rennur til Bleiku slaufunnar.

„Ég vildi tryggja hlýjuna með gæðum efnisins enda er ég búin að upplifa það með nokkrum ættingjum í krabbameinsmeðferð að þeim var alltaf kalt. Niðurstaðan varð því að trefillinn og húfan eru úr 70 prósent ull og 30 prósent kasmír. „Sem er náttúrulega bara sjúk blanda upp á mýkt og hlýleika og kasmír stungur náttúrulega ekki þannig að þetta er ekki að pirra fólk.“

Reynir alltaf að toppa sig

Rakei bendir á það augljósa orsakasambandi að eftir því sem meira safnast eflist fjölbreytt starfsemi Krabbameinsfélagsins og forvarnir til að minnka líkur á krabbameinum og segir treflinum hafa verið svo vel tekið í fyrra að færri hafi fengið hann en vildu. Hún hafi því notað tækifærið núna og látið framleiða takmarkað magn af treflum með húfunum þegar hún ákvað að endurtaka leikinn í ár.

„Ég náði yfir 1,9 milljónum í fyrra og mín heitasta ósk er alltaf að mér takist að toppa sjálfa mig þannig að ég vona og takmark mitt á hverju ári er að Central Iceland safni meiru fyrir slaufuna á hverju ári,“ segir Rakei sem selur húfuna og treflana í vefverslun sinni Centraliceland.is. ■



ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

Í DAG ER ÞRIÐJUDAGUR

MIDSTÆRÐ AF PIZZU MEÐ ÞREMUR
ÁLEGGSTEGUNDUM Á 1.100 KR. EF ÞÚ SÆKIR

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP | 58 12345



Bakþankar

Péturs Georgs
Markan



Vandi Joe

Ein ótrúlegasta saga fjallaklifursins er sagan af vininum Joe og Simon sem klifu, þá óklifinn, vegg perúska fjallsins Siula Grande, upp á topp. Magnað afrek sem fölnaði engu að síður í eftirmálum klifursins.

Í sígu á niðurleið hljóp snurða á þráðinn og Simon endaði illa fótbotinn. Þar með voru örlögin ráðin. En vinátta og ást eru ekki mæld í raunsemi. Þeir reyna hið ómögulega sem endar í enn verri stöðu; Simon fellur í sprungu og hangir í lausu lofti og er við að draga Joe, sem situr rétt við brúnina, með sér niður í dauðann.

Vandi Joe er stórkostlegur og við honum er ekki til góð lausn. Ef hann sker ekki á línuna munu þeir báðir farast – ef hann sker á línuna bjargar hann sjálfum sér en sendir vin sinn í dauðann. Nú skyldi einhver segja; þetta er auðvelt, honum ber fyrst að tryggja öryggi sjálfs síns og svo vinar síns. Þá er annað fólk fljótt að segja, ég myndi aldrei skila vini inn í dauðann, dyggð fremur en nytjarök.

Það áhugaverða er hins vegar að til eru aðstæður og heilabrot sem eiga ekki skýrt rétt svar. Það eru einmitt þannig vegamót sem gera manneskjuna bæði stórkostlega flókna og um leið einstaka í heiminum.


Mér varð síðast hugsað til þessa í umræðu um nýja leik-sýningu í Þjóðleikhúsinu. Og þar sem umræðan í kjölfar leikhúsgagnrýni hefur verið heilt yfir vönduð og rökföst hefur okkur farið örlítið fram við að skilja hvert annað – virða hvert annað.

Svo ég gleymi því ekki, Simon lífdi. ■



STILLANLEG HJÓNARÚM MEÐ BODYPRINT DÝNU


GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



ÚRVAL AF
VÖNDUÐUM
HEILSURÚMUM



EITT MESTA
ÚRVAL AF
HEILSUDÝNUM
Á LANDINU



VANDADAR
SÆNGUR OG
KODDAR Í
ÚRVALI



PANDORA
STILLANLEGUR
HÆGINDASTÖLL

LÆGSTA VERÐIÐ


Í HAFNARFIRÐI
ER Á REYKJAVÍKURVEGI



WWW.SVEFN OG HEILSA.IS

VERSLANIR:

ENGJATEIGI 17-19,
REYKJAVÍK
S: 581 2233



BALDURSNESI 6,
AKUREYRI
S: 461 1150



OPID:

VIRKA DAGA.....KL. 10:00 - 18:00
LAUGARDAGA.....KL. 12:00 - 16:00

UMBOÐSAÐILAR:

HÚSGAGNAVAL, HÖFN Í HF.
BARA SNILLD, EGILSSTAÐIR